



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2020-21
Starfsáætlun 2021-2022

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er *Dignitas ehf.* Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn á aldrinum frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir. Stefnan lítur svo á að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggio-skóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia. Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

*Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun*

Við teljum að ofantalin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.



Útskriftarhópurinn 2021

Árgangur 2015, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert og eitt barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Efnisyfirlit:

Innihald

Regnboginn.....	2
Leiðarljós Regnbogans.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	7
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2020-2021	10
Greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2021-2022	19
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2021-2022	26
Innra og ytra mat skólaárið 2020-2021	36
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022	40
Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar.....	41
Samstarf	42
Foreldrasamvinna:	43
Fylgiskjöl:	45

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - *Mál- og lesþroski* - *Skapandi starf*
eru þrjár megin stoðir eru í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Við leggjum áherslu á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Við leggjum áherslu á ramma og reglur sem höfða til skynsemi svo þau öðlist innri aga. Við leggjum áherslu á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við viljum vera til staðar og hjálpa barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áræði og gleði. Í daglegu starfi leggjum við því rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannasiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfsstjórn barnsins, innri aga og ró.



Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu).



Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með yngstu börnin uppí þau elstu. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



Skapandi starf í anda Reggíó-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema.



Námskrá Regnbogans er fljótandi námskrá og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrir fram en stundin oftast gripin. Þó erum við, að nokkru leyti, með formlegri og verkefnamiðaðri nám á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál- og lesþroska og Skapandi starfi.

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólastarf enn betra.

Gildi Regnbogans eru:

Virðing - Gleði - Umhyggja

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við lítum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska eðlisþætti sína og færni. Okkar er að skapa þeim þær aðstæður.

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk

Leikskólastarf í Regnboganum:

Skólaárið 2020-2021 litaðist áfram af heimsfaraldrinum *Covid-19*. Haustið 2020 skall á okkur þriðja bylgja veirunnar og þurftu skólar á öllum skólastigum að aðlagast sig enn á ný að auknum sóttvarnarkröfum. Regnboginn fór ekki varhluta af þessari þriðju bylgju en hjá okkur kom upp smit hjá barni á elstu deildinni í október 2020. Það var mat smitrakningarteymisins að einungis þurfti að senda börn og starfsfólk af elstu deildinni í 7 daga sóttkví vegna smitsins. Foreldrar og starfsfólk tóku fréttunum af æðruleysi og voru fljótir að bregðast við. Á sjöunda degi skimunar, sem var á föstudegi, kom í ljós að einn starfsmaður var smitaður og því þurfti allt starfsfólk leikskólans og öll börnin á elstu deildinni að fara aftur í skimun á mánudeginum. Til allra lukku komu allir neikvæðir út þeirri skimun og opnaði leikskólinn að nýju á þriðjudegi. Bæði barnið og starfsmaðurinn voru með lítil einkenni og sem betur fer höfðu veikindin ekki langtímaafleiðingar.

Þó að það hafi vissulega verið áfall í fyrstu að fá þær fréttir að upp væri komið smit, gekk vonum frammar halda utan um skipulagið. Segja má að skólastjóri, aðrir stjórnendur og allt starfslið Regnbogans sé reynslunni ríkari eftir þá miklu rússíbanaferð sem *Covid 19* hefur fært okkur.

Skapandi starf í anda Reggíó-Emilía

Eitt af aðal markmiðum okkar á árinu var að efla okkur enn frekar í skapandi starfi í anda Reggíó-Emilía og var fyrsti starfsdagur skólaársins helgaður því markmiði. Lovísa Hallgrímsdóttir faglegur leiðtogi, stofnandi og rekstraraðili Regnbogans var með fyrirlestur um uppruna og inntak stefnunnar í Reggíó. Fanney Guðmundsdóttir skólastjóri tók síðan við og fór yfir helstu markmið sem sett voru í starfsáætlun.

Við byrjuðum af krafti að vinna að markmiðum á haustmánuðum og héldum því áfram jafnt og þétt yfir skólaárið þó að vissulega hafi áherslan færst annað á vissum tímabilum m.a. vegna *Covid-19*. Auk þess sem mikil vinna fór í fræðslu, undirbúning, umræðu og skipulag vegna Þjóðarsáttmálans um styttri vinnudag/viku.

Það setti ákveðið strik í reikninginn hjá okkur að bæði deildarstjóra- og deildarfundir sem og aðrir fundir féllu nánast alveg niður á á haustmánuðum þegar samkomutakmarkanir voru

sem harðastar. Því voru fá tækifæri fyrir starfsfólk að tala saman og ráða ráðum sínum í ró og næði. Þessi skortur á fundum sýnir glögglega hversu mikilvægt það er fyrir starfsfólk leikskóla að fá reglulega tíma í faglegt samtal. Það skilar sér í faglegra starfi, meiri starfsánægju, samstilltara starfsfólki og svo mætti lengi telja. Annar starfsdagur skólaársins sem var hólfaskiptur var því helgaður faglegum samtölum þar sem meðal annars var lagt mat á hvernig gengi að vinna að markmiðum sem sett voru á fyrsta starfsdegi og gerð áætlun um framhaldið.

Í Regnboganum hefur verið unnið með uppeldisfræðilegar skráningar frá upphafi starfs. Námsbækur barnanna litu dagsins ljós, fyrst í A5 broti þar sem var handskrifað inn á síður og myndir límdar inn. Með tímanum þróaðist formið og skráningaleiðir kennaranna með. Námsbókin varð stærri í sniðum og fór úr því að vera í A5 umbroti í það vera A4 gormuð bók. Skráningar eru unnar jafnt og þétt yfir skólaárið og í lok hvers skólaárs fær barnið námsbókina sína heim. Ein námsbók fyrir hvert skólaár og inniheldur bæði einstaklingsmiðaðar skráningar og hópskráningar, verk eftir veturinn og ljósmyndir.



Einn af umbótaþáttunum á þessu skólaári var að samræma betur uppsetningu skráninga á milli deilda, gera hana fallegri og faglegri, í þeim skilningi að gera betur í að setja orð á hvernig og hvaða nám fer fram í gegnum leik barnanna.

Við búum svo vel í Regnboganum að hjá okkur vinnur starfsmaður sem er bæði ljósmyndari og grafískur miðlari. Hún tók að sér í samvinnu við skólastjóra að setja upp stöðluð skráningarform sem uppfylltu þær kröfur sem við höfðum sett okkur. Úr varð skráningarpakki sem inniheldur form fyrir margvíslegar skráningar s.s. mál og læsi, stærðfræðilega hugsun, fínhyrreyfingar, sögugerð, vísdomsstundir, stöðvavinnu o.m.fl. Nokkur dæmi um skráningar má sjá í fylgiskjölum og metum við svo að þessi umbótaþáttur hafi tekist vel.

Að auki var handbók skólans *Velkomin í Regnbogann* endurskoðuð og gefin út í nýju broti í umsjón Lovísu Hallgrímsdóttur. Ágústa K. Bjarnadóttir sá um hönnun og umbrot (sami aðili og sá um hönnun skráningarformsins). Handbókin er afhent foreldrum barna sem eru að hefja skólagöngu sína í Regnboganum og er eins konar útdráttur úr námskrá skólans með bæði hagnýtum og fræðilegum upplýsingum.

Stytting vinnuvikunnar

Árið 2020 var ár kjarasamninga þar sem gerðir voru tímamótasamningar sem fólu í sér miklar hækkanir á launum, 30 daga orlof fyrir alla, aukinn undirbúningstíma kennara og síðast ekki síst gáfu Lífskjarasamningarnir nýju heimild til að stytta vinnuvikuna um allt að 4 klst. á viku þannig að hver vinnuvika verði í framtíðinni 36 klst.

Í Regnboganum hefur stytting vinnuvikunnar verið höfð að leiðarljósi frá upphafi skólastarfs. Vinnutímastyttingin var þá skipulögð með svipuðu sniði og heimildir nýju samninganna gera.

Kaffitímar voru styttnir og eitt kaffihlé tekið í hádeginu, og á móti var vinnudagurinn styttnur um 20 mínútur þannig að hver starfsmaður skilaði 7 klst. og 40 mínútum í vinnu.

Á deildarfundum í desember kynnti rekstraraðili (Lovísa) samantekt sem hún gerði úr samningum stéttafélaganna og Lífskjarasamningi ríkis og sveitarfélaga. Auk þess sem hún hafði talað við skólastjóra leikskóla í ýmsum sveitarfélögum um framkvæmd vinnutímastyttingarinnar og setti þetta allt upp á skilmerkilegan hátt sem starfslið Regnbogans fékk í hendur. Á starfsdegi þann 23. janúar sem helgaður var vinnutímastyttingunni var skipt upp í umræðuhópa eftir deildum. Hver deild ræddi möguleika til útfærslu með hagsmuni barna að leiðarljósi og lögðu allir í skólanum sitt af mörkum í þeirri viðleitni.

Fyrst var rædd vandlega hugmyndin um að hver starfsmaður tæki ½ dags frí vikulega. Það var þó þúsl sem starfsfólk þótti einfaldlega ekki ganga upp þegar við höfum hagsmuni barnanna í fyrirrúmi. Margar aðrar tillögur voru ræddar og í lok dagsins kynntu deildarnar afrakstur umræðna á deildum þar sem kom í ljós að það var meirihluta samkomulag allra starfsmanna að halda áfram með daglega styttingu. Ákveðið var að leggja upp með tillögu frá Rauðu deildinni að byrja á að stytta daglegar vaktir starfsfólks um 25 mínútur til viðbótar þeim 20 mínútum sem verið höfðu. Samtals um 45 mínútur á dag.

Umræður og undirbúningur stóð yfir í nokkrar vikur og var gefinn tími fyrir það flæði sem til þurfti fyrir bæði starfsfólk og stjórnendur. Auk þess fóru í hönd reglulegir samráðsfundir skólastjóra, deildarstjóra og rekstraraðila. Jafnframt var foreldraráði kynnt öll umræða í skólanum og tóku þau öll heilshugar undir þær niðurstöður sem urðu um daglega styttingu.

Vaktir starfsmanna voru endurskoðaðar til þess að dagleg 45 mínútna styttingi gengi upp á öllum deildum. Auk þess heimilaði rekstraraðili Regnbogans skólastjóra að ráða aukalega á skilavaktir enda sjáum við ekki að vinnutímastytting sé fær í leikskólum án aukins tilkostnaðar. Breytingin tók gildi 15. febrúar 2021 og var ákveðið að taka æfingatímabil út apríl. Á æfingatímabilinu var metið reglulega á deildarfundum og deildarstjórafundum hvernig gengi. Á endurmatsfundi stjórnendateymis í maí lögðu deildarstjórar fram niðurstöður mats og er það einróma ákvörðun alls starfsliðs skólans að vinnutímastyttingin verði áfram dagleg. Það var síðan samþykkt af skólastjóra, rekstraraðila og foreldraráði.

Innleiðing á styttingu vinnuvikunnar hefur gengið vonum framar enda hafa allir lagt sig fram og lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að svo megi verða. Starfsfólk og stjórnendur ákváðu strax að líta á það sem tækifæri að skoða skipulag upp á nýtt. Allt stórt og smátt var ígrundað og störfir og vaktir hvers og eins skilgreind uppá nýtt. Eitt er víst að margt gott kom út úr þeirri vinnu sem mun nýtast okkur áfram.

Lovísa Hallgrímsdóttir sá um fræðslu, ut anumhald og faglega leiðsögn í allri innleiðingunni í samstarfi við stjórnunarteymi Regnbogans, sem stóð sig afburða vel í þessu flókna ferli. Það er að þakka samheldni og góðri samvinnu allra starfsmanna Regnbogans og rekstraraðila hvernig til hefur tekist í því flókna tímamótaferli sem það er að stytta vinnuvikuna. Einnig þeirri ófrávíkjanlegu sýn okkar allra að börn eigi líka að njóta styttri „vinnudags“.

Í greinagerð deildarstjóra verður gerð nánari grein fyrir hvernig gekk að innleiða styttinguna á hverri deild.

Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2020-2021

Yngsta deild skólans heitir Gula deild og dvelja þar 17 börn. Skólaárið 2020-2021 samanstóð deildin af 10 drengjum og 7 stúlkum. Tvö börn eru fædd 2018 og fimmtán börn fædd 2019.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum. Á skólaárinu 2020-21 var ákveðið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta við endurmatið: *Skapandi starf í anda Reggíó Emilía, upplýsingaflæði til foreldra* og áframhaldandi þróun með *Vináttu*, forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti. Auk þess kom annað stórt verkefni upp í hendur okkar sem var stytting vinnuvikunnar. Í þessum kafla verður því einnig fjallað um hvernig gekk að innleiða styttri vinnuviku á deildinni.

Sýn okkar og skapandi starf í anda Reggíó Emilía

Skilgreind voru fjögur aðalmarkmið í síðustu starfsáætlun og voru þau yfirfarin á fyrsta starfsdegi skólaársins. Markmiðin sneru að flæði, umhverfi og efnivið í starfi, hlutverki starfsmanna í námi barna og skráningum í námsbækur barnanna (sjá umfj. í greinagerð skólastjóra).

Flæði, umhverfi og efniviður - Við lögðum upp með að leggja mikla áherslu á að vinna út frá áhuga barnanna í skapandi starfi. Flæði í starfinu verði gefið meira rými og en það er ferlið sem skiptir máli, ekki útkoman. Við settum okkur markmið að skoða vel þann efnivið sem er boðið uppá, á deildum og tryggja að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sem hvetur þau til leiks, að rannsaka, uppgötva og nema.

Deildin okkar samanstendur af stóru alrými og nokkuð rúmgóðu herbergi. Við nýtum einnig afmarkað rými/gang fyrir framan Gulu og Rauðu deildina ef þörf er á að skipta barnahópnum meira upp. Í upphafi skólaárs skoðuðum við vel efniviðinn sem við höfðum upp á að bjóða og bættum töluvert í hann. Hugmyndin var að starfsmenn leggðu fram leikboð og að börnin gætu sótt sér meiri efnivið og bætt í leikinn eftir áhuga og hentugleika.

Við lögðum upp með að dót væri í körfum í aðgengilegri hæð og að flæðið í rýminu væri gott þó þau væru ung. Hugsunin á bak við að hafa opinn efnivið og flæði var að könnunarleikurinn, sem við vinnum mikið með, væri ekki afmarkaður tími heldur frjáls leikur yfir daginn og að efniviðurinn væri hreyfanlegur og mætti fara um allt rýmið.





Barnahópurinn í ár var óvenju kröftugur. Í honum voru margir fyrirferðarmiklir, sterkir og ákveðnir einstaklingar og það kom fljótt á daginn að alveg opið flæði hentaði ekki þessum hóp. Að kenna hópnum að dvelja í ró í því sem þau voru að fást við var ærið verkefni sem leystist iðulega upp í hlaup, árekstra, átök og grátur. Stór hluti vetrarins og vinnunnar fór í að vinna með samskipti og hegðun innan hópsins. Við sáum því fljótt að það hentaði flestum einstaklingum betur að vera í minna rými og að þau réðu illa við flæði.

Í þriðju Covid bylgju sem kom á haustmánuðum sáum við okkur ekki annað fært en að bakka með aðgengilega efniviðinn bæði vegna samsetningar barnahópsins og vegna aukinna þrifa á dóti. Daglega var dótið þrifið sem notað var daginn áður.

Hópnum var skipt upp í 3 hópa í stöðvavinnu, 5-6 börn í hverjum hóp. Inni í herbergi var ávallt einn hópur þar sem m.a. var unnið með innlögð hljóða með Lubba, vinastund með Blæ, könnunarleik og ljósastöð. Tveir starfsmenn voru með hóp í frjálsum leik og listastöð í alrýminu. Þar var börnunum boðið að flæða milli leiks og listastöðvar. Það er mikilvægt að öll börn hafi aðgang að listastöðinni og fái tækifæri til að stoppa við á henni og vinna með fjölbreyttan efnivið. Í heildina var mikill spenningur í börnunum að komast að á listastöð, sum gerðu mikið, önnur lítið en við lögðum upp með að allir gerðu eitthvað. Við lögðum líka upp með að það þyrftu ekki allir að gera eins t.d. þarf ekki sami efniviðurinn að vera í boði fyrir hópinn sem er í listastöð í dag og hópinn sem fer í listastöð á morgun. Það er ferlið sem skiptir máli en ekki útkoman. Þriðji hópurinn fór ýmist út eða í rýmið, sem er fyrir framan Gulu og Rauðu deildina, í frjálsan leik.

Í nóvember ákváðum við að taka listastöðina út og einblína á félagsleg samskipti hópsins. Það fór mikið þúður í að koma börnunum í leik, styrkja jákvæð samskipti og beina neikvæðri hegðun í jákvæðan farveg. Sérkennslustjóri kom töluvert að starfinu á Gulu þennan veturinn með leiðbeinandi hætti og gaf starfsmönnum deildarinnar verkfæri til að leysa úr ýmsum upptökum og aðstæðum sem upp kom innan barnahópsins.



Hlutverk starfsmanna í námi barna – Hlutverk stjórnenda og alls starfsliðs snýst allar stundir um velferð og nám barnanna. Starfsmenn skipuleggja umhverfið og styðja fallega og af alúð við leik, samskipti og nám barnanna. Starfsmaður skal vera með börnunum, þar sem börnin eru. Starfsmaður hlustar og horfir opnum huga á leik barna, nemur áhuga þeirra og leiðir þau áfram í þekkingarleit sinni. Starfsmaður skipuleggur fjölbreytt og áhugaverð viðfangsefni í takt við áhuga og óskir barnanna. Starfsmaður spyr opinna spurninga og hvetur til umræðu. Skráning er bæði skrifleg og myndræn.



Starfsmenn Gulu deildarinnar eru allt í senn uppalendur, félagar og fyrirmyndir. Þeir eru duglegir að vera með börnunum á gólfinu og leiðbeina þeim á jákvæðan hátt í leik og samskiptum. Það skapar ákveðna ró að starfsmaður sitji með börnunum. Starfsfólk deildarinnar vann faglega og af virðingu með barnahópnum, var samheldið og duglegt að samræma vinnubrögð.

Stóra alrýmið okkar er nokkuð opið og við reyndum að afmarka rými í rýminu á alla mögulega vegu til að koma í veg fyrir hlaup og ærsl. Húsgögnin voru færð til á ýmsa vegu en við fundum okkur ekki almennilegan farveg í stóra rýminu. Börnin eru klár og útsjónarsemi þeirra var tilraunum okkar starfsfólksins oft á tíðum yfirsterkari.

Í heildina þurfti barnahópurinn að hafa mikið fyrir stafni. En þrátt fyrir alla orkuna var greinilegt að lestri var gert hátt undir höfði á hverju heimili því börnin voru alltaf til í að setjast niður með bók og í lestrar- og samverustundum gátu þau setið allt upp undir 30 mínútur sem er langur tími fyrir svo ung börn. Þar gátu starfsmenn lesið fjölbreyttar sögur og unnið með ýmis konar efnivið til málörvunar; liti, líkamsheiti, þulur o.fl.

Þó kveikjurnar hafi verið margar og fjölbreyttar þá varð okkur á að vinna áfram með þær. Við t.d. fundum maríubjöllu og veiddum geitung sem börnin voru spennt að skoða. Við hefðum getað nýtt þessi tækifæri betur og tekið áhuga barnanna lengra og vinna verkefni út frá þessum kveikjum og verður það því sett í umbótaáætlun næsta árs.

Skráningar á Gulu voru eingöngu myndrænar. Í vor voru börnin mörg hver farin að tala mikið og hefðum við getað hafið skriflegar skráningar samhliða þeim myndrænu. Þær eiga sannarlega heima á Gulu.



Umbætur:

- Halda áfram að vinna að því að dýpka enn frekar starf í anda Reggíó Emilía.
- Bæta okkur í að vinna áfram með krækjur/áhuga barnanna.
- Bæta skriflegar skráningar í námsbók barnanna.

Upplýsingaflæði til foreldra

Markmið: Foreldrar séu vel upplýstir um starfið á deildinni og fái reglulega fréttir af námi og daglegu lífi barnanna í leikskólanum.

Í ljósi þess að þriðja bylgja Covid-19 var í uppsiglingu á haustmánuðum var ekki hægt að halda hefðbundna foreldrafundi þar sem starfið á komandi skólaári er kynnt. Því var ákveðið að senda glærukynningu um starfið á foreldra í september.

Við töldum þörf á að gera starfið sýnilegra fyrir foreldra á tímum heimsfaraldurs þegar þeir stigu vart fæti inn fyrir þröskuldinn á leikskólanum. Skólastjóri lagði til að unnið yrði með fréttabréf í forriti sem heitir Sway. Forritið gerði okkur kleift að gera starfið sýnilegra með texta og myndum, eins konar gluggi inn í leikskólalífið og -starfið. Fréttabréfin voru send vikulega og var mikil ánægja meðal foreldra að fá innsýn í leikskólann. Við munum halda áfram að nýta okkur þennan miðil á komandi skólaári.

Við settum einnig upp verk barnanna og skráningar í fataherberginu fyrir foreldra og börn að skoða.



Foreldraviðtöl fóru að mestu fram á TEAMS þetta skólaárið. Töluverð ánægja var meðal foreldra með það fyrirkomulag. Margir upplifðu tímasparnað vegna vinnu á meðan aðrir kjósa að hittast augliti til auglitis. Framvegis verður foreldrum boðið að velja hvort viðtalið fari fram í leikskólanum eða á TEAMS.

Í Regnboganum hafa deildarstjórar mætt á fyrstu vaktir til að hitta foreldra á morgnana. Í Covid dattu samskiptin mikið niður og við fundum fyrir vaxandi þörf á að deildarstjórar væru sýnilegri í lok dags. Í haust var tekin ákvörðun um að deildarstjóri yrði a.m.k. 1x í viku til lokunar. Breyting var gerð á vaktaskipulagi starfsmanna í kjölfar vinnutímastyttingar í janúar og deildarstjóri á Gulu var til lokunar tvo daga í viku og gafst það vel. Foreldrar hafa oft en

ekki rýmri tíma í lok dags að staldra við og því ekki vanþörf á þessum breytingum, bæði fyrir foreldra og deildarstjóra.

Við stefnum á að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári og telst þessum umbótaþætti því lokið.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Markmið: Halda áfram að þróa *Vináttu* verkefnið sem við innleiddum árið 2019. Á Gulu deildinni horfðum við til þess að fínþússa skipulagið sem unnið var samkvæmt vorönn 2020



Allt skólaárið leggjum við áherslu á vináttuna. Börnin á yngstu deild eru að stíga sín fyrstu skref í leikskóla og þar af leiðandi að læra að umgangast önnur börn af virðingu. Við ræðum um vináttu, hvernig erum við góð, hvernig skiptumst við á, hvernig getum hjálpað vinum okkar og fleira sem tengist vináttunni. Sungin eru vinalög og við gerum saman vinamyndir. Vináttu verkefnið er góð viðbót til að vinna með vináttuna og efnið býður upp á skemmtilega og fjölbreytta vinnu með börnunum.

Á Gulu deildinni voru Lubbastundir og vinafundir með Blæ eftir nónhressingu. Hver hópur, 5-6 börn, fer einu sinni í viku í þessar stundir. Þegar vinnutímastyttingin var innleidd gerðum við ýmsar breytingar í starfinu og m.a. færðum við þessar stundir fram á morgnana. Þannig að dagarnir byrjuðu á innlögn máhljóða með Lubba og í beinu framhaldi var vinastund með Blæ. Börnin fengu sinn litla Blæ, þeim var boðið að knúsa stóra Blæ og svo voru unnin verkefni úr efninu, söngvar sungnir, dansað og stundirnar enduðu á nuddi. Eftir nónhressingu var tvískipt samvera.

Okkur miðaði vel með vináttuverkefnið eins og við unnum það árinu áður. Rauða deildin var búin að setja upp fínt skema yfir umræðuspjöldin sem deildarstjóri á Gulu tók til fyrirmyndar og setti upp sambærilegt skema fyrir umræðuspjöldin sem ætluð eru fyrir 0-3 ára. Við sungum fjölbreytt vinalög í upphafi stunda og deildarstjóri setti niður að hausti hvað væri unnið með hverja viku fyrir sig fram að áramótum. Eftir áramót var gefið meira rými til starfsmanna að vinna á sjálfstæðari hátt með efnið og velja sjálfir hvað unnið væri með hverju sinni. Það koma á daginn að sumum starfsmönnum þótti óþægilegt að hafa ekki skjalfest hvaða umræðu ætti



að vinna með á meðan öðrum fannst gaman að fá tækifæri til að spreyta sig og vinna meira sjálfstætt.

Á deildarfundum á vordögum kom upp sú hugmynd fyrir næsta skólaár að hafa skemað til staðar en í stað þess að njörva niður fyrir fram hvað unnið er með þá nýtum við efnið eins og lagt er upp með. Við metum í sameiningu hvaða umræðu er þörf á að vinna með þá vikuna og grípum í viðeigandi umræðuspjald. Við höldum ótrauðar áfram að þróa vinastundirnar okkar, gera þær markvissari og betri.

Blær er aðgengilegur fyrir börnin í öllu starfi á deildinni ef þau óska eftir því. Þegar líða tók á skólaárið leysti Blær persónulegu bangsa barnanna af hólmi í hvíldinni.



Þegar ákveðið var að taka Vináttu verkefnið í leikskólann þróuðum við verkefni um vinadaga á milli deilda í leikskólanum. Þar er hugmyndin að öll börn leikskólans geti farið á milli deilda og heimsækja vini sína. Börnin á Gulu deildinni æfa sig þessa daga að fara á Rauðu deildina sem er þeirra næsta deild. Settar eru upp mismunandi stöðvar á deildunum og börnin flæða frjálst á milli í u.þ.b. 1,5 klukkutíma. Þessir dagar hafa heppnast vel og

munum við halda þeim áfram. Áætlað var að hafa 6 vinadaga yfir skólaárið. Vegna Covid-19 urðu þeir færri á þessu skólaári en þeir vinadagar sem voru haldnir tókust vel til.

Á Gulu deildinni eru oft 2-4 börn sem flytjast ekki með sínum árgangi yfir á Rauðu deildina og það er eitthvað sem við þurfum að skoða nánar og vinna frekar að. Þegar þessi börn fara yfir á Rauðu deildina fara þau beint í eldri hópinn en eiga kannski ekki svo heimagengt í hópinn þar sem þau hafa alltaf verið með yngri börnunum á Gulu. En Blær og vinadagarnir hjálpa yngstu börnunum klárlega að takast á við breytingar, a.m.k. innan leikskólans eins og að flytjast yfir á eldri deild.

Umbætur

- Halda áfram að þróa og fínþússa vinastundirnar
- Vinna markvisst að því, í samstarfi við Rauðu deildina, að tengja börnin sem eru eftir á Gulu við börn í sama árgangi á Rauðu.

Stytting vinnuvikunnar

Í greinagerð skólastjóra kemur fram að mikil vinna á vorönn fór í að undirbúa og skipuleggja styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum. Hver deild fundaði á starfsdegi í janúar. Á Gulu deildinni voru umræður teknar af opnum hug og jákvæðni. Það var mikill einhugur og samheldni við vinnslu vinnutímastyttingarinnar.

Frá upphafi horfðum við á hvað kæmi sér best fyrir börnin og að gæðin í starfinu myndu haldast. Við gerðum okkur allar strax ljóst að við værum með yngstu börnin og að hugsanlega

næðum við ekki að fylgja öðrum deildum í styttingunni. Við gerðum okkur líka fljótlega ljóst að skemmri vinnutími daglega myndi minnka álagið innan vikunnar og að við gætum ekki tekið það til nánari skoðunar að hver starfsmaður fengi hálfs dags styttingu einu sinni í viku. Það myndi einungis skapa meira álag og draga úr gæðum í starfi. Við sáum að hver starfsmaður gæti náð 30 mín. styttingu daglega án þess að raska miklu, auka álag eða skerða gæði starfsins. Deildarstjóri setti upp töflur með tillögum að ýmsum vinnutímastyttingum, 30, 40, 50 og 60 mín. Öll stytting umfram 30 mínútur fól í sér mikla aðstoð frá öðrum deildum sem var erfitt því þær voru líka að vinna í styttingu hjá sér. Með heimild rekstraraðila til að ráða inn afleysingu í lok dags gekk 45 mínútna vinnutímastytting upp og þannig náðum við að fylgja öðrum deildum í styttingu.

Mikið var rætt og skrafað um að vinnutímastytting væri ekki eingöngu fyrir fullorðna. Börnin eiga að njóta þessa tíma og eiga rétt á að þeirra vinnudagur sé stytur að sama skapi og fullorðinna. Upp kom sú hugmynd að Gula deildin með yngstu börnunum myndi loka 16:15. Rekstraraðili er mikill talsmaður barnanna og ákvað að Gula deildin myndi loka kl. 16 frá og með næsta skólaári. Þannig reynum við að hjálpa til og ýta við atvinnulífinu að koma á vinnutímastyttingu sem þjónar hagsmunum heildarinnar þ.m.t. barnanna.

Til þess að koma nýju vaktaskipulagi heim og saman þurfti að fara ofan í saumana á öllu vinnulagi og verkaskiptingu innan deildarinnar. Vaktaskipulagið segir annars vegar til um á hvaða tíma hver starfsmaður er að vinna og hins vegar á hvaða stöð viðkomandi er.

- Í stað þess að vaktir starfsmanna rúlli daglega rúlla þær nú vikulega. Starfsfólk deildarinnar er sammála um að sú breyting sé til hins góða. Með þessu skipulagi fær hver og einn starfsmaður góða heildarsýn á allt starfið á deildinni. Gott skipulag og skýr verkaskipting auðveldar starfsmönnum að vita til hvers er ætlast af þeim, það skapar meiri ró því starfsmenn þurfa ekki að koma sér inn í nýja rútínu daglega. Þessar breytingar hafa komið vel út og við stefnum á að vinna skv. þessu skipulagi áfram næsta skólaár.
- Deildarstjóri er með fasta vakt. Þrír starfsmenn deildarinnar rúlla vöktum. Ein vakt af þessum þrem rúllar á móti deildarstjóra. Á deildinni er einn starfsmaður í 80% starfshlutfalli. Þá daga, mánudaga, sem hún er ekki brúa hinir tveir starfsmennirnir og afleysingin í lok dags restina af deginum. Allt gengur þetta upp með upphaflegu hugsunina að leiðarljósi að börnin ganga fyrir og gæðin í starfi haldast.
- Verklag þurfti að endurskipuleggja með tilliti til þrifa á deildinni. Þegar starfsfólki fer að fækka í lok dags er mikilvægt að verkaskipting sé skýr. Það auðveldar starfsmönnum að allir vita hvar þeirra verksvið og ábyrgð liggur. Starfsmenn bera ábyrgð á því rými sem þeir vinna í með börnunum skv. vaktaskipulagi þá vikuna, að þurrka af, halda öllu til haga og halda rýminu snyrtilegu. Starfsmönnum fannst gott að hafa skýra vinnuáætlun til að fara eftir.

Innleiðing vinnutímastyttingar gekk vel og ánægja mikil með nýja skipulagið sem gerir starfsfólki kleift að ná frekara jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Starfsmenn eru sammála um að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári.



Umbótaáætlun *Gulu* deildar fyrir starfsárið 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Halda áfram að dýpka starfið í andare	Vinna áfram að markmiðum sem sett voru í síðustu starfsáætlun Einblína sérstaklega á	Reggíó námskeiðsdagur á fyrsta starfsdegi Starfsfólk deildarinnar heldur áfram að vinna í	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum	Starfsfólk hefur öðlast aukna færni í að nýta tækifærin þegar þau gefast og vinna áfram með áhuga barnanna eða

	að vinna áfram með krækjur og áhuga barnanna, umhverfi og opin efnivið	sameiningu að settum markmiðum				krækju sem settar eru fram.
Skapandi starf í anda RE - Skráningar	Auka færni starfsmanna að nota mismunandi skráningarform	Námskeið í Reggio fræðum í september Starfsmenn fá tækifæri til að prófa sig áfram í dageglustarfi	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á mismunandi skráningarformum og geti nýtt sér þau.
Halda áfram að finnpússa vinaverkefnið með Blæ	Að starfsmennar verði enn færari í að lesa í barnahópinn og aðstæður á deildinni hverju sinni og meta í sameiningu hvaða þætti þarf að bæta/vinna með í samskiptum barnanna	Vináttu verkefni Barnaheilla	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum	Að starfsmenn hafi öðlast aukna færni í að grípa inn í aðstæður á yfirvegaðan máta og og hafi verkfæri til að leysa úr hverjum þeim áskorunum sem verða í samskiptum barnanna á milli.
Auka samvinnu milli deilda m. börn innan sama árgangs	Að börnin haldi í tenginguna við jafnaldrasina þó þau verði eitt skólaár á sitthvorri deildinni	Höldum áfram með vinadaga og umfram þá að efla samstarf milli deilda hvað varða börn af sama árgangi.	Deildarstjórar allra deilda	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum Deildarstjórafundum Endurmatsfundum	Að börnin séu enn öruggari að fara á nýja deild og detti fljótt og vel inn í barnahópinn.

Greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2021-2022

Á Rauðu deildinni dvelja 28 börn. Skólaárið 2020-2021 dvöldu þar sextán börn fædd 2017 og tólf börn fædd 2018.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum. Á skólaárinu 2020-21 var ákveðið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta við endurmatið: *Skapandi starf í anda Reggíó Emíliá, upplýsingaflæði til foreldra* og áframhaldandi þróun með *Vináttu* forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti. Auk þess kom annað stórt verkefni upp í hendur okkar sem var stytting vinnuvikunnar. Í þessum kafla verður því einnig fjallað um hvernig gekk að innleiða styttri vinnuviku á deildinni.

Sýn okkar og skapandi starf í anda Reggíó Emíliá

Skilgreind voru fjögur aðalmarkmið í síðustu starfsáætlun og voru þau yfirfarin á fyrsta starfsdegi skólaársins. Markmiðin sneru að flæði, umhverfi og efnivið í starfi, hlutverki starfsmanna í námi barna og skráningum í námsbækur barnanna (sjá umfj. í greinargerð skólalæra).

Flæði, umhverfi og efniviður - Við lögðum upp með að leggja enn meiri áherslu á að vinna út frá áhuga barnanna í skapandi starfi. Flæði í starfi verði gefið meira rými og minnt á að það er ferlið sem skiptir máli, ekki útkoman. Við settum okkur markmið að skoða vel þann efnivið sem er boðið uppá á deildum og tryggja að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sem hvetur þau leiks, að rannsaka, uppgötva og nema.

Strax á fyrsta starfsdegi fórum við í að endurskipuleggja deildina. Deildin okkar samanstendur af einu stóru alrými og tveimur rúmgóðum herbergjum. Við breyttum uppþöðun í alrýminu, færðum til hillur og borð og sköpuðum með því fleiri og hentugri rými. Til að byrja með breyttum við ekki herbergjunum.

Ný uppþöðun á deildinni gekk nokkuð vel og okkur fannst flæðið í rýminu verða betra sem hafði jákvæð áhrif á leik barnanna. Það var þó eitt svæði sem kom ekki nógu vel út en það var heimiliskrókurinn. Börnin sóttu lítið í að vera á því svæði og náðu ekki góðu flæði í leik í þar. Svæðið sem var ætlað heimiliskróknum var of opið og ekki náðist djúpur leikur og nálægð við önnur leiksvæði hafði truflandi áhrif. Því var ákveðið á færa heimiliskrókinn yfir í annað herbergið. Með því náðum við betri leik með leikefnið sem tengist heimiliskróknum og ætlum við að halda áfram með að þróa hann á næsta skólaári. Við erum líka búnar að vera skoða leik barnanna með einingarkubba. Við tókum ákvörðun um að flytja þá úr öðru herberginu fram í alrýmið.



Fljótlega kom í ljós að rýmið hentaði ekki þar sem að ekki var nægjanlegt pláss fyrir byggingar barnanna nema að takmarka fjölda kubba hverju sinni. Við stefnum því að því á nýju skólaári að færa einingarkubbana inn í annað herbergið aftur.



Í stöðvavinnu voru settar upp stöðvar sem börnin flæða á milli eftir áhuga hverju sinni og gátu börnin oftast ráðið hversu lengi þau stoppuðu á hverri stöð. Við reyndum að vekja áhuga þeirra á nýjum stöðum og hvetja þau til að prófa nýja hluti. Listastöð eru fastur partur í stöðvavinnunni og í ár lögðum við upp með að vinna betur út frá áhuga barnanna og minna okkur á að allir gera eitthvað en það þurfa ekki allir að gera eins. Börnin höfðu frjálst val hvort þau vildu taka þátt í listastöðinni. Það kom alveg fyrir að sömu börnin vildu sjaldan taka þátt í listastöðinni en þá er það í höndum starfsmanns að reyna að vekja áhuga barnsins á henni.

Samsetning á barnahópnum var mjög góð í vetur og af þeirri ástæðu teljum við breytingin hafa gengið þetta vel. Eldri hópurinn réði mjög vel við flæðið og var opinn fyrir nýjungum. Börnin í eldri hópi náðu að sökkva sér í frjálsan leik og mörg völdu sömu stöðina í lengri tíma á meðan að önnur voru meira að flakka á milli. Yngri hópurinn þurfti meiri stýringu og ekki var hægt að hafa eins mikið í boði hverju sinni. Þau voru samt fljót að læra á deildina.



Unnið var jafnt og þétt að því yfir skólaárið að gera efniviðinn aðgengilegri fyrir börnin. Við skiptum út lokuðum plastkössum fyrir mjúkar opnar körfur. Gekk það að mestu leyti vel en yngri hópurinn þurfti tíma til að læra að taka ekki allt efni úr á sama tíma. Þegar þau voru búin að læra það gekk mun betur og umgengni um körfurnar batnaði til muna. Starfsmenn deildarinnar voru líka ánægðir með breytingarnar og umgengni var betri. Með því að hafa efnivið opinn varð leikefnið mun sýnilegra fyrir börnin.

Úrbætur:

- Við erum enn að máta heimilikrök og einingakubbana í nýjum rýmum og höldum áfram að vinna að því að finna gott skipulag á svæðin þannig að þau flæði betur á deildinni.

Hlutverk starfsmanna í námi barna – Hlutverk stjórnenda og alls starfsliðs snýst allar stundir um velferð og nám barnanna. Starfsmenn skipuleggja umhverfið og styðja fallega og af alúð við leik, samskipti og nám barnanna. Starfsmaður skal vera með börnunum, þar sem börnin eru. Starfsmaður hlustar og horfir opnum huga á leik barna, nemur áhuga þeirra og leiðir þau áfram í þekkingarleit sinni. Starfsmaður skipuleggur fjölbreytt og áhugaverð viðfangsefni í takt við áhuga og óskir barnanna. Starfsmaður spyr opinna spurninga og hvetur til umræðu. Skráning er bæði skriflega og myndræn.

Á deildinni fara starfsmenn eftir áætlun sem segir þeim hvar þeir eiga að vera hverju sinni. Starfsmaður þarf að vera til staðar fyrir börnin og hjálpa þeim í leik og með samskipti sín á milli. Það gekk mjög vel að vinna eftir áætluninni og starfsönnum finnst gott að vita til hvers er ætlast af þeim. Að hafa starfsmann til staðar skapar meiri ró í kringum leik barnanna og þá er hægt að nýta tímann til að gera skráningu á leik barnanna. Skráningar á Rauðu deildinni eru aðallega í formi ljósmynda. En seinni hluta vetrar eru gerðar skriflegar skráningar með eldri hópnum. Þá er t.d. skráð samskipti þeirra í leik og förum við með þeim í sögugerð í smærri hópum. Þá eru þau í 4ra barna hópum og gera annað hvort sögu saman eða hver og einn gerir sína sögu. Sögurnar eru sjálfsprottgar en stundum notum við myndir eða hluti til að koma sögunum af stað. Það hefur gengið vel að gera skriflegar skráningar með eldri hópnum. Yngri hópurinn er ekki kominn eins langt í málþroska og því voru ekki gerðar eins margar skriflegar skráningar með þeim.

Með góðu skipulagi og skýrri verkaskiptingu er auðveldt fyri starfsfólk að vita til hvers er ætlast af þeim. Það auðveldar líka aðlögun nýrra starfsmanna á deildinni. Skipulagið er rúllandi svo allir hafi góða innsýn á alla þætti í starfinu á deildinni. Þetta skipulag hefur komið mjög vel út og stefnum við á að vinna samkvæmt því á næstkomandi skólaári.

Úrbætur:

- Skriflegar skráningar með bæði eldri og yngri hóp. Gera meira af því að skrá upplifanir barnanna í leik og starfi.



Upplýsingaflæði til foreldra

Markmið: Foreldrar séu vel upplýstir um starfið á deildinni og fái reglulega fréttir af námi og daglegu lífi barnanna í leikskólanum.

Í ljósi þess að þriðja bylgja Covid-19 var í uppsiglingu á haustmánuðum var ekki hægt að halda hefðbundna foreldrafundi þar sem starfið á komandi skólaári er kynnt. Því var ákveðið að senda glærukynningu um starfið á foreldra í september. Einnig fengu foreldrar blað í hólf barnsins með helstu punktum um starfið.



Við töldum þörf á að gera starfið sýnilegra fyrir foreldra, á tímum heimsfaraldurs þegar foreldrar stigu vart fæti inn fyrir þröskuldinn á leikskólanum. Skólastjóri lagði til að unnið yrði með fréttabréf í forriti sem heitir Sway. Forritið gerir okkur kleift að gera starfið sýnilegra bæði með texta og myndum og er eins konar gluggi inn í líf og starf í leikskólanum. Fréttabréfin voru send til foreldra u.þ.b. hálfmánaðarlega og var mikil ánægja meðal foreldra með þau. Við munum halda áfram að gera þau á komandi skólaári.

Einnig gerðum við mikið af því að setja upp verk og skráningar bæði í fataherberginu og í gluggum deildarinnar fyrir foreldra og börnin að skoða

Foreldraviðtöl fóru að mestu fram á TEAMS þetta skólaárið og framvegis verður foreldrum boðið að velja hvort þeir vilja að viðtalið fari fram í leikskólanum eða á TEAMS. Margir foreldrar voru ánægðir með TEAMS fundi, enda tímasparnaður fyrir þá vegna vinnu.

Í Regnboganum hafa deildarstjórar alla jafna mætt á fyrstu vaktir til þess að hitta á foreldra á morgnana. Í Covid hafa þau samskipti alveg dottið niður og fundum við fyrir því að þörf væri á að deildarstjórar væri sýnilegir í lok dagsins. Því var ákveðið í haust að deildarstjóri yrði a.m.k. 1x í viku til lokunar. Þegar vaktir breyttust í kringum vinnutímastyttingu byrjaði deildarstjóri á Rauðu deildinni að rúlla á vöktum og er nú u.þ.b. einu viku í mánuði til lokunar. Það var strax ljóst að mikil þörf var á þessum breytingum fyrir bæði foreldra og deildarstjóra. Foreldrar hafa alla jafna meiri tíma til að staldra við í lok dagsins og hafa þeir nýtt það að geta hitt á deildarstjóran seinni part dags.

Við stefnum á að halda áfram á sömu brauta á næsta skólaári og telst þessum umbótaþætti því lokið.

Vínátta – verkefni Barnaheilla

Markmið: Halda áfram að þróa *Vínáttu* verkefnið sem við innleiddum árið 2019. Á Rauðu deildinni var horft til eftirfarandi markmiða:

- Að vinna með námsefni fyrir 0-3 í bland við 3-6 ára.
- Finna afmælisdag fyrir Blæ.
- Finna góðan stað fyrir litla Blæ inn á deild þannig að börnin hafi gott aðgengi að honum.

- Vera duglegri við að lofa Blæ að vera virkur þátttakandi í daglegu lífi á deildinni t.d. fara með í göngutúra fl.
- Temja okkur að styðjast við efnið þegar upp koma árekstrar á deildinni og spyrja spurninga eins og: *Hvað myndi Blær gera?*
- Syngja vináttulögin á fagnaðarfundum/söngstund á sal þar sem allur leikskólinn kemur saman.
- Halda áfram að þróa vinadaga í leikskólanum – stefnt er að hafa 6 vinadaga á tímabilinu október-apríl.

Í upphafi nýs skólaárs leggjum við áherslu á vináttuna. Við ræðum um vináttu, hvernig er góður vinur, hvernig getum hjálpað vinum okkar og fleira í þessum dúr. Sungin eru vinalög og við gerum saman vinamyndir. Blær kemur vel inn í þetta verkefni og efnið um hann er hægt að nota á ótal vegu.

Við erum enn að þróa Vináttu verkefnið inn í daglegt starf á deildinni og erum enn að máta okkur við efnið og hvernig það fellur inn í daglegt starf hjá okkur. Í haust kom hópur frá yngstu deildinni yfir með sinn Blæ bangsa en börnin sem voru fyrir á deildinni áttu þá eftir að fá bangsa. Einn daginn komu bangsarnir svo með sendingu frá Ástralíu. Þá þurfti að finna stað til að geyma Blæ á deildinni og voru keyptar hillur úr Ikea sem settar voru upp fyrir Blæ bangsana.


Á deildinni eigum við efnivið frá Barnaheillum sem er ætlað 3-6 ára. Það hefur gengið betur að vinna með efniviðinn með eldri hópnum. Efni fyrir yngri börn er til á yngstu deildinni og stefnum við á að samnýta það með yngri hópnum okkar á komandi skólaári. Ekki var farið eins djúpt í Vináttu verkefnið með yngri hópinn. Þau voru meira að hlusta á tónlistina og dansa með Blæ, þau voru einnig kynnt fyrir nuddinu með því að byrja að nudda bangsana sína.

Blær er aðgengilegur fyrir börnin í öllu starfi á deildinni, ef þau óska eftir því. Mörg velja að hafa hann hjá sér í hvíldinni. Við höfum hlusta mikið á Vináttu lögin í frjálsum leik og dönsum með Blæ bangsana. Fram að jólum vorum við með fasta vinafundi á föstudögum. Gerðar hafa verið tillögur að vinafundum sem starfsmenn geta gripið í og farið eftir. Eftir áramót féllu vinafundirnir niður vegna dansnámskeiðs. En í staðinn var Blær meira með í samverustundum.

Þegar ákveðið var að taka inn Vináttu verkefnið í leikskólann þróuðum við verkefni um vinadaga á milli deilda í leikskólanum. Þar er hugmyndin að öll börn leikskólans geti farið á milli deilda að heimsækja vini sína. Settar eru upp mismunandi stöðvar á deildunum og börnin flæða frjálst á milli. Á vinadegi eru þau að flæða í u.þ.b. 1,5 klukkutíma. Þessir dagar hafa heppnast mjög vel og munum við halda þeim áfram. Áætlað var að hafa 6 vinadaga yfir skólaárið en vegna Covid-19 urðu þeir færri á þessu skólaári.

Úrbætur:

- Blær kom vel út og börnin völdu oft að hafa Blæ með í frjálsum leik. Eins ef einhver var eitthvað aumur þá var oftast en ekki búið að ná í Blæ og rétta viðkomandi. Okkur hefur fundist námsefnið frá Barnheillum nýttast vel en lögin sem fylgja með vera helst til löng og oftast en ekki klárum við ekki heilt lag á vínafundi. En við erum enn að þróa okkur í starfinu með Vínáttu og munum halda því áfram á næsta skólaári. Stefnum við líka á að finna afmælisdag fyrir Blæ í upphafi nýs skólaárs.



Stytting vinnuvikunnar

Eins komið hefur fram í greinagerð skólastjóra fór mikil vinna í það á vorönninni að undirbúa og skipuleggja styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum. Allar deildar voru með fund á starfsdeginum í janúar þar sem allt starfsfólk fékk tækifæri á að koma með hugmyndir og tillögur. Í fyrstu reyndum við að skoða hvort við gætum náð hálfs dags styttingu einu sinni í viku en það voru allir sammála það væri þúsl sem myndi ekki ganga upp og í raun skapa meira álag heldur en gæði í starfinu. Þá skoðuðum við hvort 60 mínútna dagleg stytting væri möguleg en eins og með hálfan dag sáum við ekki fram á að geta skipulagt það án þess það kæmi niður á starfinu og álagi á starfsfólk.

Þá kom hugmynd frá starfsmanni deildarinnar að skoða hvort 45 mínútna dagleg stytting væri möguleg. Vaktir voru endurskipulagðar og nú rúlla 4 starfsmenn sem eru í 100% á vöktum. Þessir 4 starfsmenn fá þá einn styttri föstudag á 4 vikna fresti. Á deildinni voru tveir starfsmenn í hlutastarfi og héldu þeir sínum vinnutíma en juku við sig prósentur. Þetta var mikið þúsl til að byrja en tókst vel og ekki hefur þurft að breyta nýja skipulaginu.

Endurskoða þurfti vaktaskipulagið og fara yfir verkaskiptingu og vinnulag á deildinni. Það þurfti að endurskoða verklag þá sérstaklega með tilliti til þrifa á deildinni. Nauðsynlegt var að hafa verkaskiptingu skýra, sérstaklega í lok dags þegar starfsfólki fer að fækka. Að hafa skýrt verklag auðveldar starfsmönnum að vita hver á að gera hvað. Almenn ánægja var hjá starfsmönnum með þetta og fannst þeim gott að hafa skýra vinnuáætlun til að fara eftir. Höldum við því áfram á komandi skólaári.

Innleiðingin gekk mjög vel og var sátt um nýja skipulagið og eru allir starfsmenn sammála um að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári.



*Umbótaáætlun **Rauðu** deildar fyrir starfsárið 2021-2022*

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í anda Reggio Emilia	Halda áfram að vinna að settum markmiðum Einblína sérstaklega á umhverfi og efnivið og svæðin fyrir einingakubba og heimiliskrök	Reggíó námskeiðsdagur á fyrsta starfsdegi Starfsfólk deildarinnar heldur áfram að vinna í sameiningu að settum markmiðum	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum	Á deildinni sé starfsfólk samhent um að vinna í anda RE og áherslan á ferli fremur en útkomu sé í hávegum höfð. Einingakubbum og heimiliskrök hefur verið fundinn staður á deildinni þar sem leikur á þessum svæðum fær að njóta sín.
Skapandi starf í anda RE - Skráningar	Auka færni starfsmanna að nota mismunandi skráningarform	Námskeið í Reggio fræðum í september Starfsmenn fá tækifæri til að prófa sig áfram í dageglu starfi	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á mismunandi skráningarformum og geti nýtt sér þau.

Vináttu verkefnið	Að vináttu verkefnið flæði meira inn í starfið	Flétta Vináttu verkefnið meira inn í starfið, gera Blæ enn sýnilegri	Allir	Starfsárið 2021-22	Endurmat vor 2022	Að starfsmenn hafi öðlast aukna færni í að grípa inn í aðstæður á yfirvegaðan máta og hafi verkfæri til að leysa úr hverjum þeim áskorunum sem verða í samskiptum barnanna á milli.
Sjónrænt skipulag Það er kröftugur hópur á deildinni næsta vetur og margiri sem þurfa á stuðningi að halda og því viljum við vinna betur með sjónrænt skipulag á deildinni .	Gera dagskipulagið sjónrænt fyrir hópinn	Finna stað til að gera sjónrænt skiplagaðgengil egt fyrir alla Leggja inn myndir í samverustundum og í einstaklingsþjálfun Starfsmaður sem heldur utan um stuðning á deildinni fari á TEEACH námskeið	Binna	Starfsárið 2021-22	Endurmat vor 2022	Sjá hvort að ekki græði fleiri á því að hafa skipulagið sjónrænt

Greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2021-2022

Elsta deild skólans heitir Græna deild og dvelja þar 30 börn. Skólaárið 2020-2021 dvöldu þar: 13 börn fædd 2015 /17 börn fædd 2016, þar af tvö börn með stuðning.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildafundum, deildastjórafundum og starfsdögum. Á skólaárinu 2020-21 var ákveðið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta við endurmatið: *Skapandi starf í anda Reggio Emilia, upplýsingaflæði til foreldra* og áframhaldandi þróun með *Vináttu* forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti.. Auk þess kom annað stórt verkefni upp í hendurnar okkar sem var stytting vinnuvikunnar. Í þessum kafla verður því einnig fjallað um hvernig gekk að innleiða styttri vinnuviku á deildinni.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Skilgreind voru fjögur aðalmarkmið í síðustu starfsáætlun og voru þau yfirfarin á fyrsta starfsdegi skólaársins í september. Markmiðin sneru að flæði, umhverfi og efniviði í starfi, hlutverki starfsmanna í námi barna og skráningum í námsbækur barnanna (sjá umfj. um skráningar í greinagerð skólastjóra).

Flæði, umhverfi og efniviður - Við lögðum upp með að leggja enn meiri áherslu á að vinna út frá áhuga barnanna í skapandi starfi. Flæði í starfinu verði gefið meira rými og minna okkur á að það er ferlið sem skiptir máli, ekki útkoman. Við settum okkur markmið að skoða vel þann efnivið sem er boðið upp á, á deildum og tryggja að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttum og náttúrulegum efnivið sem hvetur þau til leiks, að rannsaka, uppgötva og nema.

Strax eftir starfsdaginn í september var deildin endurskipulögð og meira framborð varð af verðlausum efnivið. Efniviðurinn var gerður aðgengilegri fyrir börnin, bæði í sköpun og leik. Okkur fannst leikurinn dýpka og verða frjórri við þessar breytingar, þ.e. þegar verðlausum efnivið er blandað við t.d. kubba, bíla eða dýr. T.d. var vinsælt að leika sér með bílskúra, neðanjarðargöng og bílabraut sem börnin tóku þátt í að skapa úr afgangi pappakössum. Annað dæmi um vel heppnaða breytingu er að málningatrönum sem lengi vel höfðu staðið nánast óhreyfðar inni á baðherbergi, var fundinn staður í miðrými deildarinnar. Nú er alltaf málning og krítar til staðar við tröurnar og hafa börnin frjálsan aðgang að þeim sem vakti mikla lukku. Við teljum að með breyttu umhverfi fái börnin aukið svigrúm til að finna sig í þeim leik sem þau helst kjósa sér.

Við gerðum tilraunir með opið flæði á deildinni í þeim skilningi að hafa öll svæði opin og leyfa börnunum að flæða alveg óhindrað á milli. Betur gekk hjá eldri hópnum að ná tökum á því og ná ró í flæðinu. Samsetning barna í yngri hópnum var þannig að margir þurftu aðstoð í félagslegum samskiptum og því hentaði fyrirkomulagið þeim ekki eins vel. Það þurfti að skipta hópnum skipulega niður til að hægt væri að vinna með samskiptin í hópnum. Heilt yfir fengu börnin að vera frjálsari í stöðvavinnu og minni stýring var höfð. Börnin höfðu meira val um hvers kyns verkefni þau gerðu og áherslur á listastöðinni breyttust þar sem börnin höfðu meira frumkvæði að verkefnum sem þau unnu. Áherslan er nú frekar á sköpunina og ferlið sjálft, en ekki útkomu þess.



Eitt af markmiðum skólaársins var að gera enn betur í að vinna út frá áhuga barnanna og grípa tækifærin þegar þau gefast. Gosið í Geldingardölum vakti, eins og gefur að skilja, mikinn áhuga hjá börnunum og var tækifærið gripið að vinna meira með það. Börn deildarinnar þekkja vef Veðurstofu Íslands vel þar sem við höfum notað hann almennt í veðurverkefnum. Þar var búið að fylgjast með jarðskjálftahrinu á Reykjanesi og einnig fundu börnin sum hver sjálf fyrir skjálftunum áður en gosið hófst. Eftir að gosið á Reykjanesi hófst skoðuðu börnin möttulinn og hvernig eldgos verða til. Í kjölfarið var farið í útinám í Elliðaárdal til þess að leita að gömlu hrauni. Út frá áhuga barnanna á eldgosu og hrauni varð til alveg ný stöð á deildinni sem fékk heitið „Vísindastöð“. Á henni var smásjá, vasaljós, fræðibækur um eldgos, steina, o.fl. Stöðin var alltaf aðgengileg fyrir börnin til að skoða hraunmola úr nýja gosinu og ýmsir steinar út fjölbreyttu steinasafni deildarinnar. Einnig fengu börnin að fylgjast með gosinu í beinni útsendingu í tölvunni. Börn og foreldrar voru dugleg að koma með hraunmola frá eldgosinu í Geldingardölum til að leyfa okkar að skoða.



Ásamt því að vinna út frá áhuga barnanna unnum við einnig út frá þeim og krækjum sem komu upp í hendurnar á okkur yfir árið. T.d. var unnið að þemaverkefni hjá yngri hópnum í jan-mars um „Húsdýrin“. Hófst vinnan á innlögn um húsdýrin. Skoðaðar voru bækur og myndir. Við ræddum um hvað dýrin gera, hvað þau gefa okkur, tilgang þeirra, hljóðin sem þau gefa frá sér, hversu mörg afkvæmi þau eignast o.fl. Að innlögn lokinni var farið á námskeið ætlað leikskólabörnum í Húsdýragarðinum þar sem börnin fengu leiðsögn um garðinn og fræðslu um dýrin. Eftir ferðina var umræða um dýrin og ferðina sjálfa þar sem börnin sögðu frá sinni reynslu og sköpuðu sín eigin húsdýr. Hugmyndaflug barnanna réði alfarið sköpuninni; selur þurfti ekki endilega að líta út eins og slíkur. Þá var t.d. ein kýr með fjóra maga, minkur sem var blár o.s.frv. Skúlptúrarnir voru gerðir sýnilegir foreldrum í glugga deildarinnar og fóru heim með börnunum síðla vors. Allt ferlið var skráð (innlögnin, ferlið sjálft og upplifun barnanna) og fór það í námsbækur barnanna.



Náttúran veitir okkur einnig innblástur í hvers kyns verkefnum. Nágrenni skólans eins og Árbæjarsafnið og Elliðaárdalurinn eru óþrjótandi auðlindir. Við fórum í gönguferðir með náttúru bingóspjöld þar sem við t.d. leitum eftir ákveðnum fuglum (eða fuglahljóðum), plöntum, skordýrum o.fl. Elliðaárdalurinn er vinsæll vettvangsstaður þar sem við getum skoðað og tínt steina, köngla, greinar og margt fleira sem við leikum okkur með á margvíslegan hátt svo sem að móta stafina okkar úr og nota í sköpun innan sem utandyra. Við höfum einnig tekið með okkur málband í ferðir og mælt ýmislegt sem á vegi okkar verður. Þannig hefur okkur tekist að blanda saman náttúrunni við skapandi starf, stærðfræðilega hugsun, sem og mál og læsi.



Það sem hefur gengið vel hjá okkur á Grænu deildinni á síðasta skólaári er að aðlaga okkur enn betur að Reggíó fræðunum. Með því að breyta, skipuleggja og skoða deildina ásamt því að auka verðlausan efnivið/blanda saman ólíkum efnivið þá flæddu börn og starfsmenn betur í starfi. Skemmtilegt var að sjá þegar óvænt urðu til stöðvar sem stóðu uppi meiri part skólaársins eins og t.d. Vísindastöðin. Markmiðið að grípa tækifærið út frá áhugasviðum barnanna tókst almennt vel hjá okkur og stendur örugglega áður nefnd Vísindastöð þar upp úr hjá öllum börnum deildarinnar.

Umbætur:

- Á næsta skólaári ætlum við að halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem sett voru fram og halda þannig áfram að dýpka okkur enn frekar í Reggio starfinu.
- Við viljum einnig leggja enn ríkari áherslu á skriflegar skráningar á næsta skólaári.



Hlutverk starfsmanna í námi barna – Hlutverk stjórnenda og alls starfsliðs snýst allar stundir um velferð og nám barnanna. Starfsmenn skipuleggja umhverfið og styðja fallega

og af alúð við leik, samskipti og nám barnanna. Starfsmaður skal vera með börnunum, þar sem börnin eru. Starfsmaður hlustar og horfir opnum huga á leik barna, nemur áhuga þeirra og leiðir þau áfram í þekkingarleit sinni. Starfsmaður skipuleggur fjölbreytt og áhugaverð viðfangsefni í takt við áhuga og óskir barnanna. Starfsmaður spyr opinna spurninga og hvetur til umræðu. Skráning er bæði skriflega og myndræn.

Á starfsdegi í september var Reggíó stefnan kynnt og því m.a. velt upp hvernig við gætum skipulagt og endurskoðað deildina út frá þeim markmiðum sem sett voru. Fjölbreyttar hugmyndir komu fram og kjölfarið voru gerðir úrbætur á deildinni. Ákveðin hugarfarsbreyting varð hjá starfsfólki og umræðan var dýpkuð á deildarfundum. Það var opnað á aðgengi að ýmsum efnivið og fór starfsfólk að sjá ný tækifæri í verðlausum efnivið. Í kjölfar endurskipulagningar deildarinnar þá skiptu starfsmenn með sér rýmum/herbergjum til að hafa yfirumsjón með og halda þeim snyrtilegum. Það varð til þess að betra skipulag fékkst á ólík rými deildarinnar. Starfsmenn ræddu saman og komu með fleiri hugmyndir um umbætur, skipulag og efnivið en oft áður. Við þessar breytingar varð deildin Reggio-legri.

Í upphafi hvers dags stillir starfsmaður upp fjölbreyttum stöðvum fyrir börnin og áhersla var á að starfsmenn yrðu opnir fyrir því að börnin fengju að blanda saman ólíkum efnivið t.d. varð poppmáis matur fyrir dýr og hrísgrjón vatn handa dýrunum. Að leik loknum hjálpa starfsmenn börnunum að ganga frá efniviðnum á réttan stað (flokka ólíkan efnivið) og halda umhverfinu snyrtilegu.

Starfsmenn eru einnig opnir fyrir því að grípa áhugasvið barnanna, eins og t.d. þessi mikli áhugi á eldgosinu í Geldingardölum. Voru starfsmenn duglegir að þróa vísindastöðina með nýjum efnivið.

Við stefnum á að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári.

Upplýsingaflæði upplýsinga til foreldra

Markmið: Foreldrar séu vel upplýstir um starfið á deildinni og fái reglulega fréttir af námi og daglegu lífi barnanna í leikskólanum.

Í ljósi þess að þriðja bylgja Covid-19 var í uppsiglingu á haustmánuðum var ekki hægt að halda hefðbundna foreldrafundi þar sem starfið á komandi skólaári er kynnt. Því var ákveðið að senda glærukynningu um starfið á foreldra í september. Einnig fengu foreldrar blað í hólfi barnsins með helstu punktum um starfið.

Við töldum þörf á að gera starfið sýnilegra fyrir foreldra á tímum heimsfaraldurs þegar foreldrar stigu vart fæti inn fyrir þröskuldinn á leikskólanum. Skólastjóri lagði til að unnið yrði með fréttabréf í forriti sem heitir Sway. Forritið gerði okkur kleif að gera starfið sýnilegra bæði með texta og myndum og er eins konar gluggi inn í líf og starf í leikskólanum. Fréttabréfin voru send til foreldra u.þ.b. hálf mánaðarlega og var mikil ánægja meðal foreldra með þau. Við munum halda áfram að gera þau á komandi skólaári.

Við vorum dugleg að setja upp verk barnanna og skráningar bæði í fataherberginu og í gluggum deildarinnar fyrir foreldra og börn að skoða.

Foreldraviðtöl fóru að mestu fram á TEAMS þetta skólaárið og framvegis verður foreldrum boðið að velja hvort þeir vilja að viðtalið fari fram í leikskólanum eða í gegnum TEAMS. Margir foreldrar voru ánægðir með TEAMS enda tímasparnaður fyrir þá vegna vinnu.

Í Regnboganum hafa deildarstjórar alla jafna mætt á fyrstu vaktir til þess að hitta á foreldra á morgnanna. Í Covid hafa þau samskipti alveg dottið niður og fundum við fyrir því að þörf væri á að deildarstjórar væri sýnilegir í lok dagsins. Því var ákveðið í haust að deildarstjóri yrði a.m.k. 1x í viku til lokunar. Það var strax ljóst að mikil þörf var á þessum breytingum fyrir bæði foreldra og deildarstjóra. Foreldrar hafa alla jafna meiri tíma til að staldra við í lok dagsins og hafa þeir nýtt það að geta hitt á deildarstjóran seinni part dags utan dyra.

Við stefnum á að halda áfram á sömu braut á næsta skólaári og telst þessum umbótaþætti því lokið.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Markmið: Halda áfram að þróa *Vináttu* verkefnið sem við innleiddum árið 2019. Á Grænu deildinni var horft á eftirfarandi markmið:

- Starfsmenn rifji upp námsefnið og skoði það jafnt og þétt.
- Skoða skipulagið í kringum vinafundi.
- Við ætlum að hafa stúlkur og drengi saman í hópum í upphafi árs, en frá reynslu fyrra árs munum við kynskipta hópunum ef með þarf.
- Bjóða Blæ með í gönguferðir.
- Viðhalda spurningunni ef upp kemur ágreiningur *Hvað hefði Blær gert núna?*.
- Halda áfram að þróa vinadaga í leikskólanum – stefnt er að hafa 6 vinadaga á tímabilinu október-apríl.

Vináttuverkefni Barnaheilla finnst okkur mjög aðgengilegt og einfalt að nota. Við höfum reynt að hafa Vinafundi tvisvar í viku. Á Grænu deildinni var verkefnið jafnt og þétt skoðað; umræðuspjöld, sögubækurnar og verkefnin.

Börnin hafa verið móttækileg fyrir umræðu og þátttöku í Vináttu verkefninu og hafa lært að samsama sig verkefninu. Svipað og á síðasta ári hefur verið gripið til þess að kynjaskipta hópum ef þurfa þykir. Ef upp kemur ágreiningur eru börnin oft spurð „Hvað hefði Blær gert við þessar aðstæður“. Þá hefur Blær farið í nokkra göngutúra og heillað börnin í þeim ferðum. Slökunarparturinn í verkefninu hefur komið mjög vel út á Grænu deildinni. Við förum í Vinastundir einu sinni í viku þar sem einblínt er á Yogað. Við byrjum á vináttuumræðu, því næst er nuddstund og farið í slökun. Í lokin er umræða um líðan barnanna í Vinastundinni.

Skömmu fyrir síðustu jól kom upp valdabarátta meðal elstu barnanna og nokkuð um notkun ljótra orða. Þá nýttum við okkur verkefni úr kennsluefninu til að vinna með samskiptin innan

hópsins. Við veltum fyrir okkur og skrifuðum niður falleg og ljót orð (yngri og eldri hópur). Við ræddum orði og bættum við á plakat/renninga orðum eftir því sem á leið. Blaðarenningar með nöfnum allra barnanna í eldri hópnum voru hengd upp á vegg. Börnin skrifuðu hrósorð á miða og límdu á renninginn hjá hverju barni.



Börnin fóru síðan með heim með renningana með fallegu orðunum en ljótu orðunum var hent í ruslið. Við unnum áfram með fallegu orðin t.d. til að hrósa hvert öðru. Vinnan skapaði umræðu og hafði góð áhrif á vináttu meðal barnanna, auk þess að þjálfa skriftarfærni, hjálpsemi og samvinnu.

Vinadagar gengu vel í þau skipti sem hægt var að hafa þá. Börnin voru ánægð með vinadagana og hafa þeir auðveldar börnunum flutning milli deilda.

Umbætur:

- Halda áfram að dýpka verkefnið með því að nota kennslugögnin betur. T.d. nota verkefnabókina meira, sem og lögin og hreyfingar við þau.



Stytting vinnuvikunnar

Eins og komið hefur fram í greinagerð skólustjóra fór mikil vinna í það á vorönninni að undirbúa og skipuleggja styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum. Allar deildar voru með fund á starfsdeginum í janúar þar sem starfsfólk fékk tækifæri til að koma með hugmyndir og tillögur. Í upphafi umræðunnar á Grænu var rætt um hvað fólk væri tilbúið að leggja á sig til að ná vinnustyttingu. Við fórum yfir allt skipulagið og bútuðum alla þætti niður. Ósk starfsmanna var að reyna að ná allavega 30 mín á dag í vinnustyttingu. Niðurstaðan á Grænu deildinni varð sú að við töldum okkur getað náð 45 mín í vinnustyttingu á dag með því að fara á rúllandi vaktir alla vikuna. Þar værum við ekki að ganga á rétt barnanna og einnig að standa vörð um rétt barna með sérþarfir. Til að vinnustyttingin gengi upp varð að hafa samvinnu í húsinu og auka afleysingarstarfsmaður var ráðinn inn í lok dags. Vinnustyttingin

gekk almennt vel og var til góðs. Starfsmenn náðu að skipuleggja betur t.d. læknaferðir o.fl. Nokkuð vel gekk að innleiða breytingarnar en eðlilega þurfti að fínþússa fyrstu vikurnar. Almenn ánægja var með vinnustyttinguna á deildinni en skipulagið er alltaf í endurskoðun og verður það líklega út árið eða lengur.



Mál og læsi

Einn af umbótaþáttum Grænu deildar á þessu skólaári var að endurskoða Lubba stundirnar. Unnið er markvisst með námsefnið *Lubbi finnur málbein* í öllum leikskólanum þar sem unnið er með máhljóð vikunnar á margvíslegan hátt. Lubba stundirnar taka breytingum eftir aldri og þroska barnanna og alltaf er eitthvað sem bætist við hverju sinni. Á Grænu deildinni bættist t.d. Íslandskort við Lubba stundirnar fyrir nokkrum árum. Með því fylgjast börnin með því hvar Lubbi er staddur á landinu hverju sinni og kennarar nota tækifærið og leggja inn hugtök um áttir og landshluta.

Yngri hópurinn hélt áfram sinni vinnu með Lubba enda eru þau að upplifa nýtt fyrirkomulag á Lubba stundunum á Grænu deildinni. Lubba stund er einu sinni í viku þar sem farið er yfir máhljóð vikunnar. Við bættum aðeins í Lubba starfið með yngrihópnum þetta árið. Við jukum vinnu í kringum máhljóðin með því að nota ólíkan efnivið við að móta alls kyns stafi (staf vikunnar, eigin staf, staf foreldra o.s.frv.). Börnin teiknuðu hluti sem áttu staf vikunnar. Til dæmi ef Máhljóð vikunnar er „B“, þá teiknuðu börnin ef til vill banana, bolta, borð o.s.frv. Hverju máhljóði í Lubba fylgir lag og myndskreyttu börnin þuluna við eigið máhljóð.



Upplifun okkar hefur verið sú að börnin í elsta árganginum eru mörg hver búin að ná það góðum tókum á málhljóðunum að Lubba stundirnar í sinni hefðbundnu mynd virðast ekki vera nógu mikil áskorun fyrir þau og hefur oft á tíðum komið upp svolítill leiði í kringum stundirnar. Síðastliðið skólaár var því ákveðið að taka aftur upp kennsluefnið K-pals sem unnið hefur verið með á deildinni áður. Upphaflega var námsefnið tekið inn eftir umræðu í samfélaginu eftir mælingar hjá Pisa að drengjum gengi ekki vel í lestri. Um er að ræða kennsluefni eða læsisaðferð sem þróuð var í Vanderbilt University í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum og staðfært á Íslandi af Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar sem hefur leyfi til að kenna kennurum aðferðina. Markmiðið er að örva enn frekar og þjálfra börn í hljóða- og stafabekkingu. Í framhaldi af innlögn kennara parar hann saman tvö og tvö börn sem vinna svo saman í verkefnabók undir handleiðslu kennarans. Niðurröðun í vinnuhópa fer eftir niðurstöðum úr Hljóm 2. Nálgunin er jafningjamiðuð eða svokölluð félagakennsl.

Unnið var í tveimur hópum (tveir og tveir saman) og gekk verkefnið vel og börnin ánægð. Börnin biðu eftir þessum stundum og eins og við höfum séð áður eykur þetta verkefni vináttu og samvinnu. Árangur af verkefninu er aukin gleði, vinnusemi og læsi barnanna fór mjög fram, enda var helmingur þeirra að verða læs að vori. Það sem kom okkur skemmtilega á óvart var að einhverft barn sem tók þátt í K-pals í vetur tók töluverðum framförum í læsisþroska og þetta kennsluefni hentaði honum sérlega vel. Barnið átti erfitt með framburð og skriftarfærni en náði að tileinka sér aukna færni í hljóðalestri og myndrænu stafaformi með aðstoð stuðningsfulltrúa síns. K-pals kom alveg í staðinn fyrir hefðbundnar Lubbastundir hjá elstu börnunum á deildinni og varð vendipunktur hjá þeim flestum í að setja saman hljóð og kveða að orðum. Einnig var áberandi að þau sóttu í að fá að vera með K-pals félag sínum í leik og starfi. Stefnt er að halda þessu fyrirkomulagi áfram á næsta skólaári.



Lestrarsprettur Lubba sem er samstarfsverkefni heimilis og skóla og skemmtileg viðbót við vinnuna í kringum Lubba. Verkefnið stóð yfir í tvær vikur. Börnin fengu blað með sér heim með málbeinum, á beinin skrifuðu börnin/foreldrar nafn sitt og nafn bókar sem lesin var heima og komu með í leikskólann. Einnig voru skrifaðar niður þær bækur sem lesnar voru í leikskólanum. Beinunum var svo safnað saman í beinafjall fyrir Lubba og söfnuðust ríflega 200 bein á Grænu deildinni.

Umbætur:

- Setja frásaganabókina aftur á dagskrá og vinna áfram með sjálfstyrkingu og framkomu
- Stefna á að nýr deildarstjóri fari á K-pals námskeið.

Umbótaáætlun *Grænu* deildar fyrir starfsárið 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í andare	Vinna áfram að markmiðum sem sett voru í síðustu starfsáætlun	Reggio námskeiðisdagur í september. Fagleg samtöl og fræðsla á deildarfundum	Deildarstjóri og kennari	Skólaárið 2021-22	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Á deildinni ríki eining, samheldni og samvinna starfsmanna og allir hafi öðlast aukið öryggi og færni í að starfa í anda Reggíó Emilia
Skapandi starf í andare - Skráningar	Auka færni starfsmanna að nota mismunandi skráningarform	Námskeið í Reggio fræðum í september Starfsmenn fá tækifæri til að prufa sig áfram í daglegustarfi	Deildarstjóri og kennari	Skólaárið 2021-22	Deildarfundum Deildarstjórafundum	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á mismunandi skráningarformum og geti nýtt sér þau.
Vináttu verkefnið	Halda áfram að dýpka vináttu verkefnið með því að nota kennslugögnin betur. T.d. nota verkefnabókina meira, sem og lögin og hreyfingar við þau	Skoða það að senda starfsmann á námskeið. Rýna betur í verkefnabókina og setja jafnvel upp skemu að vinnufundum sem handhægt er að grípa í	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2021-2022	Deildarfundum Deildarstjórafundum Endurmat	Starfsfólk hefur öðlast meiri færni og þekkingu á að nýta námsefnið og að geta gripið jafnóðum í það, í aðstæðum sem skapast innan barnahópsins.
Mál og læsi: K-pals	Vinna áfram með K-Pals	Nýr deildarstjóri fer á K-Pals námskeið	Skólastjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarstjórafundir	Deildarstjóri hafi náð tökum á efninu og haldið utan um K-pals stundir
Mál og læsi: Frásagnarbók	Markmið að taka frásagnarbókina upp aftur eftir Covid	Að börnin fái tækifæri til að öðlast færni í tjáningu og framsögn	Deildarstjóri	Skólaárið 2021-22	Deildarfundir	Börnin fengu tækifæri til að æfa framsögn og tjáningu. Verkefnið um frásagnarbókina hafi m.a. verið nýtt í þeim tilgangi.




Börn og starfsfólk í víkingasveitinni sumarið 2021

Innra og ytra mat skólaárið 2020-2021

Innra mat: Uppeldisfræðilega skráningar og námsbækur barnanna:

Uppeldisfræðilegar skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna og segja mikið til um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegri umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun. Í lok hvers skólaárs fær hvert barn námsbók þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins eru bundnar inn. Þannig eiga börnin öll einskonar lífsbók, fyrir hvert leikskólaár. Námsbækurnar eru líka mikilvægt matstæki fyrir kennara þar sem glögglega má sjá þroska og framvindu barnanna í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendurnar eftir hvert starfsár og skapa þær sérstakt tækifæri til samveru þar sem barnið rifjar upp og segir foreldrum og fleirum frá.



Fjallað er umbætur sem gerðar voru á skráningum á skólaárinu í greingerð skólastjóra. Við höldum áfram að vinna með nýju skráningarformin á komandi skólaári.

Mat 4 og 6 ára barna á skólastarfi.

Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Foreldrar fá afrit þessa mats.

Niðurstöður gáfu almennt til kynna að börnin eru góðu jafnvægi og líður vel í leikskólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir og gefa svörin það til kynna. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt fiskurinn sem er vinsælastur hjá börnunum, helst soðinn fiskur með kartöflum og feiti eða plockfiskur.

Ekki verða gerðar umbætur út frá mati barnanna að þessu sinni.

Hvað gerir leikskólastjórinn?

Spurningar og teikningar um hvað leikskólastjóri gerir eru einnig gerðar að sumarlagi þegar börnin eru komin í vikingasveitina og örlítill fjarlægð komin á snertifletina. Skólastjórinn hefur í þessu mati fengið mikilvæg skilaboð sem vert er að bæta en líka óendanlega hjartfólgin og gleðileg. Þetta mat sjá eingöngu kennarar og skólastjóri.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

Nafnlaus matslisti var lagður fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað er eftir ábendingar um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausa könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun.

Það kom glögglega fram í viðhorfskönnun að starfsmenn leggja sig fram við að tileinka sér áherslur Regnbogans og líta starfið faglegum og metnaðarfullum augum. Það er gaman að sjá hvað starfsmenn hafa almennt lært mikið í starfinu og sýn þeirra á börn oft á tíðum önnur en hún var í upphafi starfs. Áherslur leikskólans í starfi skína vel í gegn í svörum starfsmanna.

Í starfsmannakönnun kom í ljós að starfsmenn voru ánægðir með hvernig staðið var að styttingu vinnutíma og voru allir starfsmenn annað hvort ánægðir eða mjög ánægðir með 45 mínútna vinnutíma styttinguna.

Það er ánægjulegt að segja frá því að starfsmannakönnunni kom glögglega í ljós að starfsfólkið er heilt yfir ánægt í starfi og telja skólastjórnunina góða. Það komu fram smávægilegar

ábendingar um að á sumum stöðu mætti laga verkaskiptingu og skipulag og verður það tekið skoðunar.

Það voru nokkrir sem komu með óskir um fræðslu um það hvernig á að takast á við hegðunarerfiðleika og raskanir eins og einhverfu, adhd og þess háttar. Það verður því sett í umbótaáætlun næsta árs.

Sameiginleg endurmat

Matið fer fram á deildar- og starfsmannfundum. Deildarstjórar vinna svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram koma og gerir hver deild umbætur þar sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræður um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm.

Endurmat stjórnenda: Fer fram reglulega yfir árið á deildarstjórafundum þar sem staðan er tekin á þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Í maí var haldin endurmatsfundur þar sem teknar voru saman niðurstöður frá ofantöldum matsþáttum og gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár (sjá bls. 14)

Ytra mat:

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviðs var tvíþætt að þessu sinni. Haldinn var fjárfundur þann 15. desember 2020 og síðan heimsóttu eftirlitsaðilar leikskólann 2. febrúar 2021. Það voru þær Auður Ösp Guðjónsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir sem komu í heimsókn í Regnbogann. Niðurstöður heimsóknarinnar voru að rými og aðstaða barnanna voru í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins fór fram í febrúar 2021. Til viðbótar við spurningar borgarinnar bættum við við nokkrum spurningum við könnunina frá Regnboganum.

Helstu niðurstöður:

Góð þátttaka var í viðhorfskönnuninni og var svarhlutfall 84,4%.

Í niðurstöðum er reiknuð einkunn fyrir hvern þátt á bilinu 1 til 5, hærri einkunn er alltaf jákvæðari niðurstaða. Flestir þeirra sem tóku þátt telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum (4,78) og sé öruggt (4,85). Meirihluti svarenda telja að leikskólanum sé vel stjórnað (4,81) og að í honum ríki vingjarnlegt andrúmsloft (4,94).

Í spurningum Regnbogans voru foreldrar meðal annars spurðir hvernig þeim fannst starfsfólk hafa ráðið fram úr daglegri þjónustu í Covid-19, hvaða upplifun foreldra hafa af deild sýns barns.

Foreldrar voru afar ánægðir með hvernig tekist var á við skipulag í Regnboganum á tímum heimsfaraldurs og afar þakklátir yfir að starfið Regnboganum raskaðist nánast ekkert á

Þessum tíma. Orð eins og framúrskarandi komu mjög oft fram. Foreldrar nefna þó að, eins og gefur að skilja, hafa tengsl milli foreldra og kennara minnkað á þessum tímum. Við teljum þó að við séum nú þegar búin að stíga mörg skref í átt að því að efla tengsl milli heimilis og skóla á skólaárinu eins og sjá má í greinagerð deilda. Við höldum áfram á þeirri braut á næsta skólaári og gerum okkur að sjálfsögðu vonir um að þá verði aftur hægt að setja á dagskrá hefðbundna liði í menningu skólans eins og foreldrafundi að hausti, opið hús og fleira.

Foreldrar lýstu einnig ánægju með starfið á deildum leikskólans. Það sem meðal annars nefnt var að foreldra upplifa að það ríkir góður starfsandi húsinu og að hlýja, umhyggja og góð samskipti við börn og fullorðna séu í hávegum höfð. Foreldrar lýsa einnig yfir ánægju sinni með starfið sem fram fer inni á deildum.

Eins og heyra má eru helstu niðurstöður könnunarinnar afar jákvæðar fyrir leikskólann og mörg ákaflega falleg og hlý orð skrifuð til okkar. Það gefur starfsfólki skólans byr undir báða vængi að halda áfram metnaðarfullu og faglegu starfi!



Leiðarljós Regnbogans:

Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Lykilþættir í starfi eru: 1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi 2) Mál- og lesþroski 3) Skapandi starf í anda Reggíó-stefnunnar

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla stjórnendur sem faglega leiðtoga	Gefa stjórnendum tækifæri til að efla sig í hlutverki sínu sem faglegir stjórnendur og ná enn betur tökum á þeim fjölbreyttu áskorunum sem felast í starfinu	Námskeið Fagfundir	Skólastjóri	Skólaárið 2021-2022	Deildarstjórafundum	Stjórnendur hafi eflst í starfi og hafi aukið við færni sína í að takast á við verkefni sem snúa bæði að faglegu starfi og stjórnun?
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	Haldið verður áfram að vinna að markmiðum sem sett voru í síðustu starfsáætlun	Reggíó námskeiðsdagur á fyrsta starfsdegi í september 2021 Fagleg samtöl á deildarfundum og deildarstjórafundum Námsferð til Reggíó ef aðstæður leyfa vorið 2022	Skólastjóri	Skólaárið 2021-2022	Skipulagsdagur Deildarstjórafundir Deildarfundir Endurmat Námskeið	Í öllum leikskólanum er unnið samkvæmt áherslum leikskólans á Skapandi starf í anda RE.
Fræðsla til starfsmanna um hegðunarerfiðleika og raskanir	Starfsfólk sé betur upplýst um hvernig á að takast á við hegðunarerfiðleika barna í takt við áherslur Regnbogans um tilfinningalega styðjandi umhverfi	Fræðsla til starfsmanna ýmist á deildarfundum eða starfsdögum	Skólastjóri Sérkennslustjóri Deildarstjórar	Skólaárið 2021-22	Starfsmannakönnun Opið samtal um hvar sé þekkingarskortur og hvernig sú fræðsla sem farið er í hefur nýst.	Starfsfólk sé öruggara hvernig á að takast á við erfiða hegðun barna af virðingu, gleði og umhyggju.

Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum, Regnboganum er aldrei lokað vegna þeirra og fyrir þá er greidd yfirvinna.

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2021-2022 verður laugardaginn 11. september n.k.

Á dagskrá verður:

- 1) *Farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í starfsmannahandbók s.s. trúnaðareyð o.fl.*
- 2) *Starf í anda Reggíó Emilia – fyrirlestur og verklegar æfingar*
- 3) Önnur mál

Skipulagsdagar og námskeiðsdagar eru að jafnaði 7-8 á ári og eru skipulagðir jafnóðum nema námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdísí Stoorgard sér um og er áætlaður í ársbyrjun 2022. Námskeið um slysavarnir er haldið árlega og þarf starfsfólk að sækja námskeiðið annað hvert ár. Foreldrum er alltaf boðið á námskeiðið.

Þá munum við áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í öllu starfi Regnbogans. Við skipulagið verður m.a. horf til óska starfsmanna um fræðslu og endurmenntun.

Drög að næstu áætlun um símenntun í leikskólanum:

- Námskeið í Reggíó-fræðum og uppeldisfræðilegum skráningum á fyrsta skipulagsdegi í september.
- Námsferð til Reggio Emilia, skoða hvort það verði möguleiki á því vorið 2022.
- Herdís Storgaard verður með námskeið um slysavarnir barna, í febrúar 2022.
- Námskeið, ráðstefnur og málþing eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir hjá starfsfólki.
- Fræðsla til starfsmanna varðandi hegðunarerfiðleika og um raskanir eins og einhverfuu, ADHS ofl.
- 1 eða fleiri starfsmenn fari á námskeið á vegum Barnaheilla um Vináttu til upprifjunar



Samstarf

leik- og grunnskóla:

Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Vegna Covid-19 var samstarfið í ár slitrótt. Skólastjóri átti gott samstarf við Guðrúni Báru aðstoðarskólastjóra og vorum við duglegar að hliðra til, fresta og bæta við heimsóknum eftir því sem samkomutakmarkanir sögðu til um.

Skilafundur milli leik- og grunnskóla var haldinn með fjarfundabúnaði líkt og í fyrra sem gekk vel. Ekki er búið að gera samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2021-2022 en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undanfarin ár og því fylgir áætlun síðasta árs með.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins:

Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Þar sem ekki varð af barnamenningarhátíð í fyrra var ákveðið að halda áfram með sama þema sem ber heitið: *Karímarímambó lög og textar eftir Aðalstein*

Ásberg Sigurðsson. Tónlistin sem um er að ræða hverju sinni er tekin uppá disk, börnin hlusta og læra tónana, síðan textana og tengja svo allt vel saman. Líkt og í fyrra þurfti að fella Barnamenningarhátíð niður. Skipuleggjendur samstarfsins létu þó ekki deigan síga og unnu ötullega að því hægt væri að flytja programmið. Úr varð að börnin sungu í Ráðhúsi Reykjavíkur og var athöfninni streymt. Það heppnaðist vel og á Elfa Lilja Gísladóttir hrós skilið fyrir það gefast aldrei upp og halda vel utan um skiplagið!



Dansnámskeið

Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Í ár sá Jóhanna Einarsdóttir um danskennsluna en hún hefur séð um kennsluna áður hjá okkur.



Foreldrasamvinna:

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi nýs starfsárs og er þá kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hvernar deildar er kynnt í máli og myndum sem og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur á að foreldrar vilji gefa kost á sér til starfa í foreldraráðið. Í ár var ekki hægt að halda hefðbundna foreldrafundi vegna Covid-19. Þess í stað sendu deildar frá sér glærukynningar til foreldra þar sem starfið á komandi vetri var kynnt. Kallað var eftir framboðum í skóla- og foreldraráð í tölvupósti og gekk það vel.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til, viðtöl eða samband með tölvupósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.


Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 8 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, sameiginlega leikhúsferð, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum 1-2x ár ári. Á síðasta skólaári féllu viðburðir sem taldir eru upp hér að ofan niður vegna Covid-19. Þrátt fyrir það fundaði foreldraráðið reglulega og voru þeir fundir gjarnan kallaðir frestunarfundir þar sem eina sem hægt var að ræða um var hvort fresta ætti þeim viðburði sem þá var næstur á dagskrá.



Foreldra- og skólaráð 2020-2021

Lokaorð:



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfsliði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlitilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar í starfi séu vel sýnilegar í þessari samantekt.

Á nýju skólaári verða tímamót í sögu skólans þegar Sigríður Dröfn Ámundadóttir tekur við rekstri og stjórn skólans. Sigga eins og hún er alltaf kölluð er dóttir þeirra hjóna Lovísu Hallgrímsdóttur og Ámunda Jökuls Játvarðssonar stofnenda Regnbogans.

Það hefur verið bæði lærdómsrík og krefjandi að takast á við skólastjórnun undanfarin rúm þrjú ár, sérstaklega á tímum heimsfaraldurs. En það má með sannni segja að undirrituð gengur frá þessari stöðu reynslunni ríkari og þakklát fyrir að hafa fengið að takast á við það verkefni að vera skólastjóri í Regnboganum.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík í ágúst 2021

Fanney Guðmundsdóttir

leikskólastjóri

Fylgiskjöl:

- Innra mat sérkennslu
- Umsögn foreldraráðs
- Samstarf leik- og grunnskóla
- Skóladagatal
- Sýnishorn af skráningum

1 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð? Var menntun án aðgreiningar höfð í huga? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Skipulag sérkennslu er ávallt metin út frá hverju barni. Lögð er áhersla á að barn sem þarf sérstakrar þjálfunar sé hluti af barnahópnum og taki þátt í öllu starfi með öðrum börnum. Einstaklingsþjálfun fer fram bæði inni á deild og utan deildar, eitt með kennara og í litlum hópum, eftir þörfum hvers barns. Skráning fer eftir hverjum einstaklingi. Notuð eru eyðublöð til útfyllingar með einstaklingum sem þurfa mikla þjálfun en önnur þjálfun eins og málörvun er skráð eftir hvern tíma þar sem metin er hvernig hefur gengið og hvort endurtaka eigi sama næst eða bæta einhverju við.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Færnilistar sem notaðir eru til að meta stöðu barna og framfarir eru TRAS og Hljóm-2. AEPS færnilisti er notaður til að skipuleggja þjálfun barna sem þurfa frekari þjálfun. AEPS listar eru unnir í samvinnu við foreldra. Fleiri matsblöð eru notuð þegar meta þarf þroska frekar í samvinnu við sérfræðinga hjá þjónustumiðstöð eins og t.d. Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn og Gátlisti fyrir málþroska. Áætlað var að leggja EFI-2 málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári en það gekk ekki þetta árið vegna takmarkana að völdum covid. Það stendur til að leggja hann fyrir næsta vetur.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Í Regnboganum er unnið með námsefni eins og Lubbi finnur málbein, Vinaverkefni Barnaheilla um Blæ, Málhljóðakassinn, ýmis forrit í Ipad eins

	og t.d. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Georg og félagar, ýmis skynjunar forrit og flokkunar forrit.
--	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroskamat	Meta málþroska allra barna í leikskólanum til að skima fyrir mál-erfiðleikum	Leggja EFI-2 málþroska-skimun fyrir börn á fjórða aldursári.	Kristbjörg sérkennslustjóri.	Haust 2021	Vor 2022	EFI-2 málþroskaskimun	Leggja fyrir öll börn á fjórða aldursári.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni hefur verið úthlutað í námsgögn eins, Ipad og námsforrit í Ipad, spil og skynjunarleikföng.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Lesið er fyrir börnin daglega og unnið markvisst með orðaforða m.a. í gegnum námsefnið Lubbi finnur málbein. Börn

Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	sem þurfa á sérstakri málörvun að halda eru í málörvunarhópum þar sem unnið er út frá þörfum hvers og eins barns. Þau eru einnig í minni hópum í lestrarstundum svo hægt sé að styðja betur við málið hjá þeim.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið með Lubbi finnur málbein alveg frá því að börnin byrja í leikskólanum og er það útfært eftir aldri og þroska. Les- og samverustundir eru nýttar vel í að auka orðaforða barnanna þar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við orðaforðalista menntamálastofnunar sem viðmið við hvaða hugtök börn eiga hafa á valdi sínu miðað við aldur. Við notum Tras og AEPS til að fylgjast með framförum og endurmeta þjálfun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Tras, EFI-2 og AEPS eru notuð til að meta alla þessa þætti og eru notað til að skipuleggja málörvun og frekari þjálfun barna sem þurfa á því að halda.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttökuáætlun barna af erlendum uppruna	Bæta móttöku barna og foreldra af	Búa til markvissari móttökuáætlun fyrir foreldra og börn af	Kristbjörg sérkennslu- stjóri	Haut 2021	Vor 2022		Markviss áætlun er til um móttöku barna af

	erlendum uppruna.	erlendum uppruna					erlendum uppruna.
--	----------------------	---------------------	--	--	--	--	----------------------

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastafs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2020-2021 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2021-22.

Greinargerðin lýsir mjög vel því fjölbreytta og öfluga starfi sem fer fram í leikskólanum og áhersla leikskólans á læsi í viðum skilningi er vel greinanleg. Meginstoðirnar þrjár sem einkenna starf Regnbogans: *Tilfinningarlega styðjandi umhverfi, Mál og læsi og skapandi starf í anda Reggíó stefnunnar* eru vel til staðar í öllu starfi leikskólans. Þessar stoðir komast vel til skila í áherslum deildanna og í daglegu starfi. Börn okkar upplifa að þeim sé sýnd virðing og umhyggja innan leikskólans sem er einstaklega mikilvægt fyrir þroska þeirra og sjálfsmynd. Upplifun foreldra af leikskólanum er af sama meiði; virðing, gleði og umhyggja einkenna samskipti starfsmanna og foreldra.

Þá er alveg ljóst að starfsfólk Regnbogans leggur mikinn metnað í að efla læsi barnanna með allri sinni vinnu í kring um verkefnið um Lubba. Áherslan á málþroska og læsi gerir börn sem útskrifast frá Regnboganum einstaklega vel undirbúin undir áframhaldandi skólagöngu. Vináttuverkefnið hefur sýnileg jákvæð áhrif á börnin en verkefnið fellur afar vel að markmiðum leikskólans og einkunnarorðum hans, *Virðing – Gleði – Umhyggja*. Í raun fellur allt starf innan Regnbogans vel að þessum einkunnarorðum og allir starfsmenn virðast vel meðvitaðir um markmið leikskólans.

Skólaumhverfi barnanna er hvetjandi og áberandi er að börnin eru í góðu jafnvægi til að meðtaka viðfangsefnin, þau fá tækifæri til að spreyta sig og þroskast af reynslunni. Leikumhverfið er barnvænt en um leið skapandi og hvetur til könnunar og rannsókna.

Breytingar urðu á stjórnun og rekstri leikskólans á árinu 2021 en foreldraráð fagnar því að nýir rekstraraðilar halda áfram hinu öfluglu starfi sem hefur einkennt Regnbogann frá til þessa og að skólabragurinn sem við kunnum öll vel að meta er enn til staðar. Samstarf í foreldra- og skólaráði hefur gengið afskaplega vel og af fyrstu mánuðum nýs

leikskólastjóra og rekstraraðila að dæma má áfram gera ráð fyrir einstaklega góðu samstarfi. Regnboginn hefur einstakt lag á að laða til sín hæfileikaríkt og hæft starfsfólk sem eru góðar fyrirmyndir og leiðbeinendur fyrir börnin. Þrátt fyrir að covid-19 héldi áfram að setja úr skorðum eðlilegt líf á árinu 2021 brugðust stjórnendur og starfsfólk Regnbogans við nýjum áskorunum af æðruleysi og áfram voru foreldrar vel upplýstir um gang mála innan leikskólans og leiðbeiningar um viðbrögðin voru mjög skýr. Á þessum tímum sem ávalt voru þarfir barnanna settar í forgang. Fanney, fráfarandi leikskólastjóri stóð sig með eindæmum vel í þeim viðbrögðum og kann foreldraráð henni góðar þakkir fyrir samstarfið á undanförunum árum.

Öll aðstaða fyrir börnin er til fyrirmyndar, bæði fyrir leik og nám inni sem úti en skólabyggingin sjálf styður einstaklega vel við starfsemina.

Fyrir hönd foreldráðs

Svandís Helga Halldórsdóttir
formaður

Samstarf

Ártúnsskóla og Regnbogans 2020-2021

Skólarnir hafa gert með sér samning um samstarfi sem miðar að því að auka samskipti og samvinnu skólanna. Markmiðið er að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskóla og að bjóða grunnskólanemum í heimsókn í leikskólann og æfa sig þar að lesa fyrir yngri börn.

Í vísdomshópi Regnbogans eru 13 börn í vetur fædd árið 2015.

Á skólaárinu 2020 – 2021 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

Skólahópur - heimsóknir:

- Vísdomshópur Regnbogans mun heimsækja 1. bekk Ártúnsskóla (hitta gamla félaga), á miðvikudegi **5. og 12. nóvember** (6 og 7 börn í senn, þetta árið eru börnin 13). **Gestirnir koma kl. 9:15**, syngja með nemendum, borða nesti og fara út í frímínútur.
- Vísdomshópur Regnbogans kemur á **Föstudagssamveru 2. bekkjar 27. nóvember kl. 8:25**.
- Hópurinn mun jafnframt koma í tvö skipti í sögustund á **skólasafn Ártúnsskóla, fimmtudagana 11. og 18. mars kl. 9:05** (hálfur hópur kemur í senn).
- Vísdomshópur heimsækir Skólasel, frístundaheimili Ártúnsskóla fimmtudaginn 15. apríl kl. 9:00.
- Nemendur úr **4. GS** í Ártúnsskóla koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin miðvikudaginn **3. og 10. mars og kl. 9:05, hálfur hópur í einu**.

Íþróttahús - heimsóknir

Vísdomshópur getur fengið aðgang að **íþróttahúsi** Ártúnsskóla í vetur á **fimmtudögum kl. 13:30 -14:15** frá 1. október.

Skilafundur:

Skilafundur verði 1 x á ári undir lok skólaárs. Fundirnir eru til skiptis í skólunum til að efla samstarf og til að kennarar kynnist betur og þekki aðstæður barnanna í báðum skólum.

Regnboginn skili þá lista með nöfnum þeirra barna sem fara í Ártúnsskóla og skriflegum upplýsingum varðandi börn sem fengið hafa einhverskonar greiningu eða stuðning.

Næsti skilafundur verði miðvikudaginn 28. apríl kl. 10:00 í Ártúnsskóla
eða samkvæmt nánari ákvörðun síðar.

Ártúnsholti, 1. september 2020

Guðrún Bára Gunnarsdóttir, aðstoðarskólalastjóri Ártúnsskóla
Fanney Guðmundsdóttir, leikskólalastjóri Regnbogans



Pema eða viðfangsefni hverrar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.

Regnboginn leikskóli

DRÖG!!

Skóladagatal 2021-2022

September	Október	November	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agust
1	1	1	1 Fullveldisd. Íslands	1 Nýársdagur	1 Útlúta!!	1	1	1. Dagur verkalýðsins	1	1	1 Frídagur verl.m.
2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
3	3	3	3	3	3	3	3 Regnboginn 19 ára	3	3	3	3
4	4	4	4	4	4 Danskennsla	4	4	4	4	4	4
5	5	5	5	5	5 Slysav.námsk.?	5	5 Barnamenningarhá.	5	5 Hvítas.d./Sjóm.d.	5	5
6	6	6	6	6 Prettándinn	6	6	6	6	6 Annar í Hvítasunnu	6	6
7	7	7	7	7 Danskennsla	7	7	7	7	7	7	7
8 Dagur læsis	8	8	8	8	8	8	8 Gulur dagur+	8	8 2. hópur í aðlögun	8	8
9	9	9	9	9	9	9	9 Páskeggjaleit.	9	9	9	9
10	10	10	10 Leikh í tösku 9:15	10	10	10	10 Pálmasunnudagur	10	10	10	10
11 Skipulagsdagur	11	11	11 rauður dagur	11	11 Danskennsla	11	11	11	11	11	11
12	12	12	12	12	12	12	12	12 Skipul.dagur deildars	12	12	12
13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13	13
14 Fore.fundur	14	14	14	14 Danskennsla	14	14 Lestr.spr. Lubba	14 Skírdagur	14	14	14	14
15	15	15	15	15 Skipulagsdagur	15	15	15 Föstud.langi	15	15	15 Sumarleyfi hefst	15
16 Dagur ísl. náttúru	16	16 Dagur ísl.tungu	16	16	16	16	16	16	16 Endurmat kennara	16	16 Deildarstj.fundur
17	17	17	17 Litlu jólin +	17	17	17	17 Páskadagur	17 Útskriftarferð	17 	17	17 Nýtt skólaár
18	18	18	18 fore.kaffi 15-16	18	18 Dans + konud.vöfl	18	18 Annar í páskum	18	18	18	18
19	19	19	19	19	19	19	19 Reggíó???	19	19	19	19
20	20	20 Skipulagsdagur	20	20	20 Konudagur	20	20	20	20	20	20
21	21 Skipul.dagur deild	21	21	21 Dans + bóndad.	21	21	21 Sumard.fyrsti	21 Sveitarferð ?	21	21	21
22 Forel.fundur	22	22	22	22	22	22	22	22	22	22	22
23 Fore.fundur	23 Fyrsti vetrard.	23	23 Þorláksmessa	23	23	23	23	23	23	23	23
24	24	24	24 Aðfangadagur	24	24	24	24	24 Útskrift	24	24	24
25	25	25	25 Jóladaður	25	25 Danskennsla	25	25	25 Víkingasv.byrrjar	25	25	25
26	26	26	26 Annar í jólum	26	26	26 Skipulagsdagur	26	26 Uppstigningardagur	26	26	26
27	27 Bangsa+náttf.dagur	27	27 jólaeyfi	27	27	27	27	27 Fyrsti í aðlögun	27	27	27
28	28	28	28 "	28 Danskennsla	28	28 Bolludagur	28	28	28	28	28
29 Fore.skólaráð?	29	29	29 "	29	29	29 Sprengidagur	29	29	29	29	29
30	30	30	30 "	30	30	30 Öskudagur	30 Opið hús?	30	30	30	30
	31		31 Gamlársdagur	31		31		31		31	31
Vinátta		Hugrekki		Umburðlayndi		Virðing		Gleði		Umhyggja	

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Dansnámskeið í jan. og febr., Jóhanna

1. skipulagsdagur - fræðsla og Reggíó-dagur

Græna deildin býður uppá ömmu og afa kaffi í nóvember.

Sumarhátíð barna er haldin á góðviðrisdegi í júní eða júlí

Blær - afmæli í október, halda uppá?

ATH: dagatalið og dagsetningar gætu tekið breytingum.

Slökkviliðið heimsókn til elstu barnanna fimmtud. 14. október kl. 13

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulags- eða námskeiðsdögum en þeir unnir á laugardögum

Gildi Regnbogans eru: Virðing - Gleði - Umhyggja

Einkunnarorð Regnbogans eru: Börn eru merkilegt fólk

Sumarorlof starfsfólks eru 30 dagar. Lokað er í 22 daga að sumri og milli jóla- og nýárs

FYRSTU DAGARNIR

Fyrstu dagana og vikurnar á yngstu deild leikskóla hefst nám barnanna. Þau byrja að kynnast öðrum börnum, starfsfólkinu, umhverfinu og læra á rútínu leikskóladagsins. Þegar allir eru orðnir öruggir verður fjölbreytnin æ meiri og sífellt eykst erfiðleikastig námsins háð aldri barnanna hverju sinni.



LESTRARSPRETTUR LUBBA

Lubbi er íslenskur fjárhundur og hann langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Unnið er með máhljóðin á Regnboganum þannig að máhljóð vikunnar er kynnt og börnin velta fyrir sér orðum sem byrja á viðkomandi máhljóði. Eftir var til lestrarátaks í vetur þar sem um var að ræða samstarfsverkefni heimilis og skóla. Börnin lásu bækur heima og skrifuðu nafn bókar á málbein sem þau svo færðu Lubba. Það safnaðist í stórt beinafjall fyrir Lubba á Gulu deildinni eða 358 lestrarbein.



LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Á öllum deildum leikskólans er unnið með Lubba og mállhljóðin, á mismunandi hátt eftir aldri og getu barnanna. Á **Gulu** er áherslan á að syngja lögin og læra táknin sem fylgja hverju mállhljóði. Lubbastundir eru einu sinni í viku, þá er nánar farið í mállhljóð vikunnar.



TILRAUNASTÖÐ - RÆKTUN

Við settum upp ræktunar – tilraunastöð einn góðviðrisdag í maíbyrjun þar sem við sáðum meðal annars karsa, paprikufræjum og granateplasteinum. Börnin voru mjög áhugasöm og fylgdust spennt með þegar lítil karsalauf tóku að vaxa af fræjunum.



JÖRÐIN OG ELDGOS

Börnin voru mikið upptekin af jarðskjálftum í janúar og febrúar og síðan elgosinu eftir að það hófst. Hvernig þetta virkar allt með jörðina, möttulinn, jarðskorpuna og eldgosin? Þau teiknuðu gjósandi fjöll og einnig var mikil umræða um steina. Eru allir steinar eins og heita þeir bara steinar eða eitthvað annað?

